



Viðbrögð við kynferðisbrotum gegn börnum
Samanburður á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi

Björgvin Heiðarr Björgvinsson
Ragna Sigríður Reynisdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið

Viðbrögð við kynferðisbrotum gegn börnum
Samanburður á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi

Björgvin Heiðarr Björgvinsson

070483-3789

Ragna Sigríður Reynisdóttir

090471-4819

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Umsjónarmaður: Anni Guðný Haugen

Leiðbeinandi: Páll Ólafsson

Félagsráðgjafadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Björgvin Heiðarr Björgvinsson og Ragna Sigríður Reynisdóttir, 2013

Prentun: Háskólaprent ehf.

Reykjavík, 2013

Útdráttur

Ritgerð þessi er til lokaverkefnis til B.A.-prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Skoðaðar eru aðstæður barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- Er munur á hegningarlögum og barnaverndarlögum á milli landanna?
- Hvaða úrræði eru í hverju landi fyrir börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi?
- Hvernig er málsmeðferð barnaverndarnefnda háttað þegar tilkynning berst um kynferðisbrot gegn barni í þessum þremur löndum?
- Hvernig birtist opinber umræða í hverju landi fyrir sig?

Skoðaðar verða kenningar sem settar hafa verið fram til að skýra kynferðisofbeldi gegn börnum, en það eru fjölskyldukenningar og félagsnámskenningar. Í tengslum við þær eru skoðuð hegningarlög og barnaverndarlög þessara landa og þau úrræði sem í boði eru. Því næst er litið á fyrirliggjandi rannsóknir og skoðuð opinber umræða um kynferðisbrot gegn börnum. Þróun úrræðanna í þessum löndum hefur verið með misjöfnum hætti en Ísland hefur verið brautryðjandi er kemur að Barnahúsi. Á Grænlandi hefur verið opnað Barnahús að íslenskri fyrirmynd en í Færeyjum er unnið að opnun þess og vonir bundnar við að það opni síðar á þessu ári. Lög landanna eru að mörgu leyti svipuð en þó er áberandi að í íslenskum lögum eru hugtök almennt skýrari og umfjöllun nákvæmari. Málsmeðferð barnaverndarnefnda er alls staðar með svipuðum hætti þó að tekið sé á málum með misjöfnum hætti. Sem dæmi má nefna er sá tímapunktur er börn verða aðilar máls.

Umræðan er mislangt á veg komin en á Íslandi hvað lengst. Á Grænlandi og í Færeyjum hefur umræða hins vegar aukist til muna og fleiri þolendur stigið fram til að tjá sig um reynslu sína, auk þess sem fagaðilar eru meðvitaðri um rétt viðbrögð til að takmarka þann skaða sem barn hlýtur.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Fræðilegar skilgreiningar á hugtökum	6
1.1 Fjórir áhættuþættir varðandi gerendur	8
1.2 Afleiðingar kynferðisofbeldis.....	9
2 Kenningar um kynferðisofbeldi	10
2.1 Fjölskyldukenningar.....	10
2.2 Félagsnámskenningar	11
3 Samanburður á hegningarlögum og barnaverndarlögum á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi	13
3.1 Íslensk hegningarlög	13
3.2 Hegningarlög í Færeyjum	15
3.3 Hegningarlög í Grænlandi.....	17
3.4 Samanburður á hegningarlögum.....	17
4 Barnaverndarlög	20
4.1 Íslensk Barnaverndarlög	20
4.2 Færeysk barnaverndarlög.....	22
4.3 Grænensk barnaverndarlög.....	23
4.4 Samanburður á barnaverndarlögum	25
5 Viðbrögð barnaverndarnefnda við kynferðisbrotum	27
5.1 Viðbrögð barnaverndarnefnda á Íslandi	27
5.2 Viðbrögð barnaverndarnefnda í Færeyjum.....	29
5.3 Viðbrögð barnaverndarnefnda í Grænlandi	30
6 Opinber umræða og rannsóknir	32
6.1 Ísland	32
6.2 Færeyjar.....	33
6.3 Grænland.....	35
7 Úrræði	38
7.1 Ísland	38
7.2 Færeyjar.....	40
7.3 Grænland.....	41
7.4 Samanburður	43
Samantekt og umræða	45
Heimildaskrá	50

Inngangur

Kynferðisofbeldi er vandi sem fylgt hefur mannkyninu frá örófi alda og hefur það oft verið falið enda ekki þótt við hæfi að ræða það. Á síðustu árum og áratugum hefur umræðan opnast og sífellt fleiri stigið fram fyrir skjöldu og sagt frá upplifun sinni af þessum brotum.

Einnig hafa komið fram ýmis félagasamtök sem lyft hafa grettistaki í opnun á umræðu og bætt þjónustu við þolendur. Í kjölfar mikilla rannsókna og meðferðarvinnu hafa verið þróuð úrræði sem þykja gefa góða raun fyrir þolendur.

Í þessari ritgerð verður fjallað um málefni barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Fyrst verður farið yfir helstu kenningar sem ætlað er að skýra slíkt ofbeldi ásamt því að skilgreiningar eru skoðaðar. Tekin verða fyrir lög, bæði hegningarlög og barnaverndarlög þessara landa. Einnig eru skoðuð þau úrræði sem boðið er upp á fyrir þolendur og hvernig umræða og viðhorf til kynferðisbrota hefur þróast. Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Er munur á hegningarlögum og barnaverndarlögum á milli landanna?
2. Hvaða úrræði eru í hverju landi fyrir börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?
3. Hvernig er málsmeðferð barnaverndarnefnda háttað þegar tilkynning berst um kynferðisbrot gegn barni í þessum þremur löndum?
4. Hvernig birtist opinber umræða í hverju landi fyrir sig?

Vegna þess hve erfitt var að nálgast ritrýndar heimildir og rannsóknir sérstaklega frá Færeyjum og Grænlandi þurfti að nokkru leyti að notast við heimasíður félagsamtaka og taka viðtöl við aðila sem starfa á vettvangi.

Til þess að fá aukna innsýn og betri svör við þessum spurningum voru tekin fjögur viðtöl við fagaðila er starfa við barnavernd í þessum löndum og hafa því víðtæka reynslu og haldgóða þekkingu á málaflokknum í hverju landi fyrir sig. Þessir aðilar eru Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu á Íslandi, Oddbjørg Balle forstjóri Barnaverndarstofu í Færeyjum,

Elin Winther Poulsen verkefnastjóri hjá almannaráði Færeyja og Kaalat Wilche starfsmaður Barnahúss í Grænlandi.

Upphafið að þessari ritgerð er áhugi okkar á þeim úrræðum sem standa þolendum kynferðisofbeldis til boða og þá sérstaklega börnum. Í því samhengi fannst okkur áhugavert að skoða aðstæður og meðferð mála hér á landi og bera það svo saman við Færeyjar og Grænland. En eins og Ísland eru þetta landfræðilega einangraðar þjóðir og því áhugavert að skoða hvort og ef svo er hvað væri líkt með þróun málaflokksins í þessum löndum.

Strax frá upphafi var ljóst að ritgerðin yrði umfangsmikil og myndi krefjast mikillar heimildavinnu. Með það í huga ákváðum við að vinna tvö saman að verkinu.

1 Fræðilegar skilgreiningar á hugtökum

Í þessum kafla verður farið í skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á hugtakinu barn sem Ísland, Grænland og Færeyjar notast við, auk þess sem skilgreint verður nánar hvað kynferðisofbeldi og ofbeldi sem sérstaklega beinist að börnum felur í sér.

Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns nr. 18/1992, er barn skilgreint með eftirfarandi hætti, „Í samningi þessum merkir barn hvern þann einstakling sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrir lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur“ (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992).

Kynferðisofbeldi hefur verið skilgreint af Alþjóða heilbrigðisstofnuninni (WHO) sem öll óæskileg kynferðisleg hegðun, tilraun til óæskilegra kynferðislegra athafna, óæskilegar athugasemdir eða umleitanir af kynferðislegum toga. Kynferðisofbeldi er ekki einskorðað við líkamlegt ofbeldi eða þvinganir, heldur getur líka verið um að ræða kúgun eða ógnanir svo sem fjárkúgun og hótun um líkamsmeiðingar. Einnig getur átt við að þolandi sé ekki fær um að veita samþykki sitt svo sem vegna ölvunar eða lyfjavímu, sé sofandi eða sé sökum andlegs ástands ófær um að skilja og samþykkja verknaðinn (Krug, Dahlberg, Mercy, Zwi og Lozano, 2002).

Kynferðisofbeldi er samheiti yfir hegðun sem felur það í sér að þolendur eru beittir ofbeldi sem stjórnast af kynferðislegum ásetningi ofbeldismannsins. Gerandi sem beitir kynferðisofbeldi brýtur gegn þolandanum með því að lítillækka, auðmýkja, ráða yfir og skeyta ekki um vilja eða líðan þess sem fyrir því verður. Dæmi um kynferðisofbeldi er sífjaspell sem eru brot sem framin eru af foreldrum eða öðrum umönnunaraðilum, kynferðisofbeldi ókunnugra gegn börnum, nauðganir, vændi og klám. Barnaklám er þegar barn er myndað, sýnt eða með öðrum hætti notað í kynferðislegum myndum eða uppstillingum (Guðrún S. Jónsdóttir, 2001; Krug o.fl., 2002; Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 2011).

Þegar skoðaðar eru skilgreiningar sem eiga við um ofbeldi sem sérstaklega beinist gegn börnum kemur í ljós að ekki er til nein ein algild skilgreining á þeim. Ýmsar skilgreiningar eru þó á lofti sem geta í sumum tilfellum gert umfjöllun um þessi mál nokkuð villandi. Samt sem áður innihalda þær flestar sama kjarnann sem felur í sér vald gerandans yfir barninu og hvernig hann nýtir það til að þvinga barnið til kynferðislegra athafna (Whetsell-Mitchell, 1995).

Barnaverndarstofa skilgreinir kynferðisofbeldi gegn börnum sem kynferðislega athöfn þar sem barn yngra en 15 ára er gert að þátttakanda, skiptir þá ekki máli hvort það er með samþykki eða ekki. Einnig er það kynferðisleg athöfn með barni eldra en 15 ára ef það er gegn vilja barnsins (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Barnaverndarstofa styðst eins við flokkunarkerfi þar sem ofbeldið er flokkað eftir alvarleika brotanna. Í fyrsta flokknum eru grófustu brotin en það eru samfarir eða munnmök. Í öðrum flokknum er þukl innan klæða á kynfærum eða svæðum nálægt kynfærum barns svo sem rassi, brjóstum eða lærum. Einnig fellur það í sama flokk sé barn látið snerta innan klæða á kynfærum annara eða svæðum nálægt þeim. Í þriðja flokknum er síðan athæfi þar sem börn eru áreitt kynferðislega með snertingu utan klæða eða án snertingar, til dæmis ef gerandi berar kynfæri sín fyrir barni eða lætur barn horfa á annars konar kynferðislegar athafnir hvort sem er með berum augum eða á myndbandi eða vef. Klúrt eða klámfengið orðfæri fellur einnig í þennan þriðja flokk (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Í flestum tilfellum er gengið út frá því að verknaðurinn feli í sér að börn séu látin taka þátt í kynferðislegri athöfn sem þau eru ekki fær um að skilja fyllilega sökum aldurs og þroska. Af þeim sökum eru þau alls ekki fær um að veita samþykki sitt fyrir þátttöku í slíkum athöfnum (Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir, 2001).

Samkvæmt rannsókninni „Kynferðisofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunarvandamála“ sem framkvæmd var af Rannsóknnum og greiningum í samstarfið við Barnaverndarstofu árið 2004 er hægt að skilgreina kynferðisofbeldi gagnvart börnum sem athöfn sem felur í sér að einstaklingur undir 18 ára aldri hafi verið talinn þvingaður eða neyddur til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum gegn vilja sínum. Brotin er hægt að flokka annars vegar eftir því hversu alvarlegar athafnirnar eru og hins vegar með tilliti til aldurs þolenda. Einnig ber að taka tillit til þess hvort um valdbeitingu hafi verið að ræða, og til aldursmunar á milli gerenda og þolenda. Ekki eru allir sammála um valdbeitinguna þar sem kynferðisofbeldi getur átt sér stað án þess. Börn geta verið blekkt á einhvern hátt til kynferðislegra athafna án valdbeitingar. Einnig hefur aldursmunurinn verið gagnrýndur þar sem kynferðisofbeldi getur átt sér stað meðal jafnaldra og/eða systkina þar sem ekki er mikill aldursmunur á milli gerenda og þolenda. Því skal taka þessi tvö atriði með fyrirvara (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011). Ekki lá fyrir skilgreining á hugtakinu kynferðisofbeldi í lögum eða hjá yfirvöldum Grænlands og Færeyja.

1.1 Fjórir áhættuþættir varðandi gerendur

Í rannsókn sem gerð var af Finkelhor og Araji (1983) var leitast við að finna þá þætti sem skýra hvers vegna kynferðisbrot gegn börnum eiga sér stað. Settu þeir fram líkan með fjórum áhættuþáttum í því skyni (Finkelhor og Araji, 1986).

Í fyrsta þættinum þarf gerandinn að hafa hvöt til þess að brjóta gegn barninu. Þeim hópi hefur verið skipt niður í þrjá flokka en það eru þeir sem einungis örvast kynferðislega vegna barna, þeir sem örvast kynferðislega til jafningja en nota barn sem staðgengil og í þriðja lagi er gerandinn að uppfylla þarfir sem eiga ekkert skylt við kynlíf. Þeir eru beita ofbeldinu til að sýna vald sitt eða hafa þörf fyrir spennu. Um ástæður þess að menn hneigist til barna eru nefndir þættir eins og erfðir, uppeldisaðstæður, brenglað tilfinningaskyn eða vegna upplifana og reynslu í æsku (Daugherty, 2007).

Annar áhættuþáttur snýr að gerendum og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að þeir fremji brot. Þeir eiga erfitt með að yfirstíga innri hvöt til að misnota barn kynferðislega og virða hvorki lög né reglur þjóðfélagsins. Þeirra hugsun einkennist að því hvernig komist er hjá því að lenda í vandræðum fyrir verknaðinn sem er framinn. Aðrir eiga erfitt með að skilja að það að beita barn kynferðislegu ofbeldi geti valdið skaða og sumum finnst ekkert óviðeigandi að stunda kynlíf með börnum undir vissum kringumstæðum (Daugherty, 2007).

Þriðji þátturinn fjallar um aðgengi gerandans að þolendum, en til að brot geti átt sér stað þarf gerandinn að komast í þær aðstæður að hann sé einn með þolenda. Því lengur sem barn er án umsjár ábyrgs aðila, þeim mun meira eykur það líkurnar á kynferðislegri misnotkun. Gerendur hafa aukinheldur auðveldari aðgang að börnum sem eru tilfinningalega og félagslega einangruð (Daugherty, 2007).

Fjórði og síðasti þátturinn fjallar um hvernig gerandinn nær að kúga barnið. Sum börn er viðkvæmari og í meiri hættu en önnur vegna eðlislægra þátta. Barn sem hefur hlotið fræðslu og stuðning er líklegri til að gera sér grein fyrir hættunni og nýta sér þekkingu sína og orku til að hafa meira vald á aðstæðum. Gerendur nýta líkamlega og tilfinningalega yfirburði sína til að yfirbuga þá mótstöðu sem barnið veitir auk þess sem þeir nýta sér aldur barna sem hafa ekki skilning á að kynlíf með ofbeldismanninum er rangt. Börn sem beitt eru kynferðislegu ofbeldi en skynja að þetta sé rangt, samþykkja útskýringar gerandans því hann er eldri og þau vita einfaldlega ekki hvernig þau eiga að bregðast við aðstæðum (Daugherty, 2007).

Margir hafa reynt að skilja hvers vegna kynferðisofbeldi gegn börnum á sér stað og það er aldrei auðvelt að útskýra hvers vegna það gerist. Sumir hafa einblínt á persónuleika þolandans á meðan aðrir fagaðilar skoða líffræðilega þáttinn og úr hvernig samfélagi einstaklingurinn kemur. En raunverulega veit enginn af hverju kynferðisleg misnotkun gagnvart börnum á sér stað (Daugherty, 2007).

1.2 Afleiðingar kynferðisofbeldis

Nú á dögum efast fæstir um alvarleika kynferðisbrota en niðurstöður rannsókna hafa sýnt að afleiðingar þess geti verið umfangsmiklar og skapað þolanda mikla andlega og líkamlega vanlíðan. Áhrifin geta komið fram strax en einnig geta þau komið fram síðar á lífsleiðinni og geta þau haft varanleg áhrif á líf þolandans (Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Rannsókn Boney-McCoy og Finkelhor sem gerð var á börnum á aldrinum 10-16 ára sýndi að tengsl eru á milli kynferðislegrar misnotkunar og aukinna líka á ýmsum sjúkdómum (Boney-McCoy og Finkelhor, 1995).

Mikilvægt er að þegar upp kemst að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða orðið vitni að slíku fái það nauðsynlega aðstoð sem fyrst. Því fyrr sem hægt er að koma barni úr slíkum aðstæðum því minni líkur eru á neikvæðum afleiðingum af þeim völdum (Perry, Pollard, Blakely, Baker og Vigilante, 1995). Barnið þarf aðstoð til að vinna úr þeirri reynslu sem það lenti í auk þess að fá aðstoð við að treysta og eiga í eðlilegum samskiptum. Þetta skiptir sköpun til að koma í veg fyrir einangrun barns. Til þess að barnið tjái sig um eigin upplifanir og reynslu þarf það aðstoð við að vinna úr því. Markmiðið með meðferðinni er til að mynda að draga úr skaðanum sem ofbeldið hefur valdið, minnka líkurnar á endurteknu ofbeldi, auka sjálfstraust barnsins og aðstoða það við að treysta öðrum á ný (Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Hugræn athyglismeðferð er ein þeirra aðferða sem gefist hafa vel í vinnu með börnum sem orðið hafa fyrir kynferðisbrotum. Unnið er með svokallaða áfallamiðaða hugræna athyglismeðferð. Helstu þættir meðferðarinnar eru að aðstoða við beina úrvinnslu áfallsins, kenna börnum aðferðir til að takast á við álagið sem fylgir brotinu, og að vinna með ógagnlegar hugsanir sem eru í tengslum við áfallið. Meðferðin miðar að því að draga úr einkennum áfallastreituröskunnar, þunglyndis og kvíða sem eru algeng einkenni hjá þolendum kynferðisbrota (Berglind Guðmundsdóttir og Sjöfn Evertsdóttir, 2011).

2 Kenningar um kynferðisofbeldi

Í gegnum tíðina hafa verið settar fram ýmsar kenningar sem ætlað er að skýra hvers vegna kynferðisleg misnotkun á sér stað. Eitt af helstu umfjöllunarefnum ýmissa fræðimanna hefur verið fjölskyldan. Lögð hefur verið áhersla á að góð uppeldisskilyrði skipti miklu máli til að barni vegni vel og að fjölskyldutengslin séu góð. Því er mikilvægt að hlúa að aðstæðum barna og fjölskyldna eins og margar fjölskyldukenningar hafa sýnt fram á. Kenningarnar sem verða skoðaðar hér eru fjölskyldukenningar og félagsnámskenningar. Þær fjalla um hvernig umhverfisáhrif og ytri álagspættir geta haft áhrif á barn og fjölskyldu þess.

2.1 Fjölskyldukenningar

Fjölskyldukenningar skýra það sem hægt er að finna í samskiptum fjölskyldunnar og veita ákveðin viðmið til að skilja tilfinningatengslin innan hennar. Kenningarnar byggja á því að fjölskyldan sé kjarninn í lífi flestra þar sem fullorðnir hafa stjórn á sambandinu. Börn hafa því ekki vald á aðstæðum, og eru því varnarlaus þar sem um er að ræða slæmt samskiptamynstur (Walsh og Harrigan, 2003).

Vanhæfa fjölskyldumódelið telur kynferðisofbeldi gegn börnum vera afleiðingu óheilbrigðs samspils innan fjölskyldunnar. Því er haldið fram að fullorðinn einstaklingur innan fjölskyldunnar, þá sérstaklega gerandinn, hvetji til þess að brotið sé á barninu eða stuðli að umhverfi sem leyfir það. Sumar fjölskyldukenningar hafa einblínt á að hegðun móður leiði til þess að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi (Barnett, Miller-Perrin og Perrin, 2005). Þar með var ábyrgðin færð yfir á móðurina eða barnið frekar en á sjálfan gerandann. Samkvæmt vanhæfa fjölskyldumódelinu er orsökina fyrir því að eiginmaður leitaði eftir kynlífi innan fjölskyldunnar hjá öðrum en móðurinni, er sú að móðirin sinnti honum ekki með fullnægjandi hætti kynferðislega. Þessar kenningar gerðu ráð fyrir að barn tæki að sér hlutverk móður þegar kom að kynlífi sem er óeðlilegt samband á milli barns og foreldris (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Börn sem eiga mæður sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi eru í aukinni hættu á að verða fyrir kynferðisbrotum. Orsakir þess eru þá raktar til andlegrar og tilfinningarlegrar fjarlægðar móður sem skilar sér í ákveðinni vanrækslu. Er þá talið að móðirin sé þolandi frekar en þátttakandi í ofbeldi gagnvart börnum sínum. Í slíkum fjölskyldum eru meiri líkur að

skortur sé á tengslamyndum á milli móður og barns. Í fjölskyldum sem einkennast af deilum og sundrung eru börn í aukinni hættu á að vera eftirlitslaus og líkur aukast á leit að öruggu sambandi utan heimilis. Það gerir þau varnarlausari gagnvart gerendum og setur þau í frekari hættu á að verða fyrir kynferðisbrotum. Vilja þá Barnett og fleiri meina að ábyrgðin liggja innan fjölskyldunnar og er þá algengsta orsökina skortur á tilfinningum og erfiðleikar í samskiptum (Barnett o.fl., 2005). Nýrri fjölskyldukenningar gefa til kynna að ekki sé hægt að ásaka einn aðila innan fjölskyldunnar, heldur þurfi frekar að skoða heildarmynd fjölskyldunnar (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Kenningar hafa þróast í samræmi við breytingar á hlutverkum kynjanna. Konur hafa aukið sjálfstæði sitt og tekið að sér ýmis hlutverk utan heimilis. Samfara þessum breytingum fóru aðrar kenningar að líta dagsins ljós sem afhjúpuðu að fjölskyldan væri í sumum tilfellum vettvangur glæpa og misþyrminga. Hætta á slíku var jöfn burt séð frá efnahag og stétt. Rannsóknir fóru því að beina athyglinni að sifjaspellum og kynferðislegu ofbeldi innan fjölskyldna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Umhverfispættir og félagslegir þættir og samspil þeirra geta haft mikil áhrif. Séu þessir þættir sterkir í lífi einstaklings geta þeir verið verndandi og geta haft áhrif á hvort barn sé misnotað kynferðislega (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Miller-Perrin og Perrin, 2007). Áhættuþáttunum og verndandi þáttunum er skipt niður í samfélagsþætti, fjölskylduþætti, einstaklingsþætti og menningarþætti. Horft er til einstaklingsins þegar þessir þættir eru skoðaðir og þá sérstaklega úr hvernig fjölskyldu, samfélagi og menningu hann kemur. Þættirnir hafa ákveðna skörun innan hvors annars og við hvern annan. Horft er á hver afleiðingin var og hvort skortur var á viðeigandi umönnun. Nauðsynlegt er að skoða tímalengd, afleiðingar og alvarleika brotsins svo hægt sé að segja til um vídd misnotkunarinnar og að auki þá vídd sem getur verið á milli ólíkra menningarheima og tíðarandans innan sömu menningar (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

2.2 Félagsnámskenningar

Frá sjónarhorni félagsnámskenninga er hegðun lærd og einblínir kenningin á að lykilatriðin í þroska séu umhverfi, samspil hegðunar og virkni hugans (Gibson, 2004). Upphafsmáður félagsnámskenninga, Albert Bandura, taldi að hegðun væri lært athæfi með því að fylgjast með hegðun annarra. Þegar kemur að lærdri hegðun er grundvallarþátturinn hvort hegðuninni fylgi umbun eða refsing, hvort sem fylgst er með hegðun annara eða byggt á

eigin reynslu. Hegðun sem veitir umbun er styrkt umfram þá hegðun sem refsað er fyrir. Fyrirmyndir sem einstaklingurinn tengir sig við hafa mestu áhrifin þegar hegðun er lærd og geta þessar fyrirmyndir verið einhverjir einstaklingar úti í samfélaginu, vinir eða fjölskyldumeðlimir (Bandura, 1973).

Þegar þessi þrjú lönd eru skoðuð í ljósi kenninga sér maður að greinileg fylgni er milli hárrar tíðni félagslegra vandamála á Grænlandi og mikils fjölda kynferðisbrota. Börn og ungmenni í Grænlandi búa því við fleiri áhættuþætti en börn og ungmenni í hinum löndunum auk þess sem ýmsum fyrirbyggjandi þáttum er mjög ábótavant.

3 Samanburður á hegningarlögum og barnaverndarlögum á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi

Hér er fjallað um lög og reglugerðir í hverju landi fyrir sig. Teknir verða fyrir kynferðisbrotakafar hegningarlögunna og eins þau ákvæði sem snúa að kynferðisbrotum gegn börnum í barnaverndarlögum landanna. Ýmsir alþjóðasamningar hafa áhrif á lög og reglur í hverju landi fyrir sig. Í öllum löndum er leitast við fara eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og bera því flestar seinni tíma viðbætur barnaverndarlögunna þess merki. Á Íslandi hefur samningurinn verið fullgiltur síðan 1992, en á Grænlandi er að koma að honum í gegnum yfirstjórn frá Danmörku (Umboðsmaður barna, e.d.; United Nations, 2010).

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er samningur þar sem kveðið er á um réttindi barna. Þau lönd sem eru aðilar að samþykkt um að veita börnum sérstakra vernd og umönnun til þess að þau fái aðstæður til að þroska og nýta hæfileika sína til fulls. Samningurinn setur þær skyldur á aðildarríkin að börn alist upp við ást, skilning og hamingju. Samningurinn byggir á því að tryggja jafnræði sem felur það í sér að barni sé ekki mismunað, að hagsmunir þess séu alltaf í forgangi, að barn hafi rétt til lífsafkomu og þroska, og að sjónarhorn þess njóti virðingar (Þórhildur Líndal og Flóki Guðmundsson, 2007).

Á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi er fjallað um málaflokkinn, bæði í barnaverndarlögum og almennum hegningarlögum. Í þessum þremur löndum er barn skilgreint sem einstaklingur undir 18 ára aldri og einnig er samræðisaldurinn sá sami eða 15 ár sem felur það í sér að bannað er að hafa samræði við börn yngri en 15 ára en þó nokkuð mikill munur er á því hvernig lög landanna taka á brotum af þessu tagi og hvernig þau eru skilgreind.

3.1 Íslensk hegningarlög

Þau hegningarlög sem eru í gildi á Íslandi eru frá 1940 en á þeim hafa þó verið gerðar viðamiklar breytingar. Á áratugunum eftir 1940 var lítið um að kynferðisbrot kæmu til kasta dómstóla og var nánast engin umræða um slík brot. Síðan þá hefur mikið gerst og frá 1992 hafa orðið stórstígar framfarir í þekkingu á kynferðisbrotum og afleiðingum þeirra (Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Á síðastliðnum árum hefur kynferðisbrotakafli laganna sætt þó nokkurri endurskoðun sem hefur falið í sér skýrari skilgreiningar og þyngingu refsinga. Í íslenskum lögum er bæði

tekið á kynferðislegu ofbeldi í kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga og eins í ákveðnum greinum barnaverndarlaga. Í ákveðnum greinum hegningarlaganna er ekki gerður greinamunur á því hvort brotið sé gegn barni eða fullorðnum, en það kemur til refsipýngingar sé þolandi undir 18 ára aldri. Einnig eru nokkur ákvæði í barnaverndarlögum þar sem fjallað er um kynferðisbrot gegn börnum. Kynferðisbrotakafli hegningarlaganna spannar 17 lagagreinar (Almenn hegningarlög nr. 19/1940; Barnaverndarlög nr. 80/2002). Í almennu hegningarlögunum er fyrst almennt fjallað um kynferðisbrot í greinum 194-199 og síðan eru sér ákvæði sem snúa að börnum í greinum 200-202 (Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

Í almennu hegningarlögunum er nauðgun skilgreind þannig að hver sem með ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung neyði aðra manneskju til samræðis gerist sekur um nauðgun og við því liggur refsing sem er fangelsisvist frá 1 ári og allt að 16 árum (194. gr). Það kemur til refsipýngingar ef þolandi er undir 18 ára aldri (195. gr.). Ef gerandi misnotar aðstöðu sína þar sem að þolandinn er honum fjárhagslega háður svo sem vegna vinnu sinnar, eða ef þolandi er skjólstæðingur geranda í trúnaðarsambandi skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, ef þolandinn er yngri en 18 ára, allt að 6 árum (198. gr.). (Almenn hegningarlög nr. 19/1940). Öll atriði í lögum númer 194.-199. gr. hegningarlaga ná yfir alla óháð aldri (Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Í greinum 200-202 er sérstaklega tekið á brotum sem snúa að börnum. Samræði eða önnur kynferðismök við barn eða annan afkomanda, varðar allt að 8 ára fangelsi og allt að 12 ára fangelsi sé barnið yngri en 16 ára. Ef um aðra kynferðislega áreitni er að ræða gagnvart eigin afkomanda varðar brotið allt að 4 ára fangelsi en sé þolandinn undir 16 ára aldri varðar brotið allt að 6 ára fangelsi (Almenn hegningarlög nr. 19/1940). Að auki er tekið fyrir að samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varði fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkinið eða bæði verið undir 18 ára aldri má láta refsingu falla niður gagnvart þeim sem er undir aldri (200. gr.). Kynferðismök þar sem um er að ræða bein fjölskyldubönd án þess að um blóðtengsl sé að ræða eru refsiverð, þá skal viðkomandi sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barn yngri en 16 ára. Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinin fjallar um varðar fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngri en 16 ára (201. gr.). Samræðisaldur er 15 ár og það felur í sér að samræði eða önnur kynferðismök við barn undir 15 ára aldri sé refsivert og er refsingin frá 1 ári og allt að 16 árum. Ef báðir aðilar eru á svipuðu aldurs- og þroskaskeiði má láta refsingu niður falla. Samræðisaldurinn var

hækkaður úr 14 árum í 15 ár árið 2008 en þá hafði hann verið óbreyttur frá gildistöku almennu hegningarlagna 1940. Önnur kynferðisleg áreitni gagnvart börnum er einnig refsiverð og varðar fangelsi allt að 6 árum. Hver sá sem með blekkingum, gjöfum eða með öðrum hætti fær barn yngra en 18 ára til samræðis eða annara kynferðisathafna skal sæta fangavist allt að 4 árum. Árið 2012 var bætt við lagaákvæði sem ætlað er vernda börn fyrir óviðeigandi kynferðislegri áreitni á netinu, og annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni. Fyrst er tekið á brotum þar sem gerandi reynir að mæla sér mót við barn yngra en 15 ára í kynferðislegum tilgangi. Við þessu broti liggur refsing sem er allt að 2 ára fangelsi. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 árum sé barnið yngra en 16 ára (202. gr.). (Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

Þó svo að brot gegn börnum geti fallið undir greinar 194-199 er þeim almennt ekki beitt heldur er farið eftir sér ákvæðum sem snúa að börnum sem eru í greinum 200-202. Þessar greinar fela í sumum tilfellum í sér vægari refsingar fyrir ofbeldismennina (Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, 2009).

Í 204. gr. laganna er undanþágu ákvæði þar sem tekið er fram að ef brotið hafi verið refsivert samkvæmt 201. gr. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir brotinu varð, skal beita vægari refsingu sem þó má ekki fara niður fyrir lágmarks fangelsisrefsingu. Í 206. grein er fjallað um kaup á vændi en það er refsivert á Íslandi og er refsing við því sekt eða fangelsi allt að 1 ár. Ef vændi er keypt af einstaklingi undir 18 ára aldri þyngist dómurinn og er refsing, fjársekt eða fangelsi allt að 2 árum. Einnig er sama refsing við að hvetja eða aðstoða einstakling undir 18 ára aldri til vændis. Um meðferð og sölu á klámi og kemur fram að refsivert er að selja eða afhenda börnum og unglíngum klámefni. Að fá barn til að taka þátt í nektar- eða klámsýningum varðar refsingu allt að 2 árum og ef að brotið er stórfellt varðar það allt að 6 ára fangelsisvist (210. gr.). Íslensk hegningarlög ná yfir alla þá sem búa eða dvelja til lengri eða skemmri tíma á Íslandi (Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

3.2 Hegningarlög í Færeyjum

Í 23. og 24. kafla almennra hegningarlagna er fjallað um kynferðisbrot. Lögin voru sett þann 24. júní 1939 en breytt þann 4. desember 2009. Í hegningarlögum Færeyja er fjallað um samræði eða annars konar kynferðissamband milli systkina. Það getur varðað allt að tveggja ára fangelsi, en ef haft er samræði við ættingja annan en systkini skal gerandi sæta allt að 6 ára fangelsi. Til refsilækkunar getur komið ef gerandi hefur ekki ná 18 ára aldri (210. gr.)

Refsivert er að neyða annan einstakling til samræðis með hótun um ofbeldi eða með ofbeldi og liggur við því refsing allt að 8 ára fangelsi. Það sama gildir ef þolandi er af einhverjum völdum ófær um neita verknaðinum. Það er til refsihækkunar, allt að tólf árum, ef um sérstaklega alvarlegt brot er að ræða. Ef einstaklingur nýtir sér aðstöðu sína eða vald yfir öðrum einstaklingi til að þvinga án ofbeldis er það refsivert allt að 4 árum (217. gr.). Samræði við barn undir 15 ára aldri er refsivert og getur varðað allt að 8 ára fangelsi, til refsihækkunar getur komið ef barn sem haft er samfarir við hefur ekki náð 12 ára aldri. Við ákvörðun refsingar skal tekið fram hvort brotamaður hafi haft samræði með þvingunum, gegn greiðslu eða nýtt sér andlegt og/eða líkamlegt ástand þolanda. Refsingin getur þó aldrei varað lengur en 12 ár í fangelsi (222. gr.). Það getur varðað allt að fjögurra ára fangelsi ef einstaklingur hefur samræði við kjörbarn, fósturbarn, stjúp barn eða barn í sinni umsjá vegna þjálfunar. Ef hafðar séu samfarir við einstakling sem ekki hefur náð 18. ára aldri gegn greiðslu eða loforði um greiðslu skal gerandi sæta sektum eða allt að 2 árum í fangelsi (223. gr.). Í lögnum er sérstaklega tekið fram að í fyrr greindum lagaákvæðum eiga þau líka við ef þolandi og gerandi eru af sama kyni (225. gr.).

Við ákvörðun refsingar skal taka tillit til aldurs og ástands fórnarlamb, og hvort geranda hafi verið kunnugt um aldur þess. Í lögnum er líka tekið fram að sá sem hvetur eða aðstoðar við að hagnast af vændi skal sæta refsingu allt að fjórum árum. Refsingin er sú sama þó svo að gerandanum sé ekki kunnugt um tilgang verknaðarins, eða sé fluttur til annars lands (mansal) og hafi ekki náð 21 árs aldri (226. gr.). Séu ósæmilegar ljósmyndir og kvikmyndir teknar af aðila sem er yngri en 18 ára og notaðar í þeim tilgangi að selja eða dreifa getur sá sem tekur myndirnar þurft að sæta sektum eða allt að tveimur árum í fangelsi. Við ákvörðun dóma er tekið tillit til hvort barnið hafi verið í hættu, orðið fyrir alvarlegu ofbeldi eða orðið fyrir alvarlegum skaða. Hvort um einangrað tilfelli hafi verið að ræða eða skipulagða starfsemi (230. gr.). En ef einstaklingur er fundinn sekur um dreifingu ósæmilegs efnis eins og klámmynda eða ljósmynda af yngri en 18 ára getur refsingin verið fangelsi frá tveimur árum upp í sex eða varðað sektum. Sá sem býr yfir eða hefur til umfjöllunar ósæmilegt myndefni af einstaklingi yngri en 18 ára getur þurft að sæta sektum eða fangelsi í allt að 1 ár. Ekki er talið refsivert að eiga ósæmilegar myndir af 15 ára og eldri ef samþykki liggur fyrir vörslu. (235. gr.) (Straffeloven nr. 215/1939).

3.3 Hegningarlög í Grænlandi

Í Grænlandi tóku nógildandi lög gildi 30. apríl árið 2008 og eru númer 306. Fjallað er um kynferðisbrot í 18. kafla laganna og spannar hann 10 lagagreinar. Í kaflanum eru nokkur sér ákvæði um börn. Í byrjun er fjallað um almenn lög sem ná yfir alla en svo koma sér úrræði sem ætlað er að vernda ákveðna hópa (Kriminallov for Grønland nr. 306/2008).

Í Grænlensku hegningarlögum er skilgreiningin á nauðgun sú að hver sá einstaklingur hafi framið nauðgun „...sem með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þvingar annan einstakling til kynmaka eða annarra kynferðislegra athafna“ (Kriminallov for Grønland nr. 306/2008). Það er líka skilgreint sem nauðgun ef einstaklingur er ekki fær um að neita verknaðinum, og ef einstaklingur sem verður sér úti um kynmök eða aðra kynferðislega athöfn með ólöglegum þvingunum (77. gr.). Starfsmenn sem eru með börn sem skjólstæðinga og þurfa að starfa náið með börnum geta sætt refsingu eigi þeir í kynferðislegu sambandi við sína skjólstæðinga (78. gr.). Í Grænlenskum hegningarlögum er tekið fram að samræðisaldur sé 15 ára og er það almenn ábyrgð einstaklings að kynna sér aldur þess sem haft er samræði við (79. gr.). Það telst vera gróft brot ef einstaklingur nýtir yfirburði sína vegna aldurs og þroska til að hafa samræði eða önnur kynferðismök við aðila sem ekki hefur náð 18 ára aldri, á þetta líka við ef um er að ræða fjölskyldutengsl sem eru ekki blóðtengsl, er þá átt við stjúpbarn, fósturbarn og kjörbarn (80. gr.) (Kriminallov for Grønland nr. 306/2008).

Í 81.-85. gr. laganna er fjallað um kaup á kynlífsþjónustu sem er ekki leyfileg ef einstaklingur hefur ekki náð 18 ára aldri, og ekki skiptir máli hvort þolandi og gerandi eru af sama kyni. Einnig er refsivert að hafa milligöngu um sölu eða aðstoða með öðrum hætti einstakling undir 21 árs aldri við sölu á kynlífsþjónustu. Þegar kemur að meðferð kláms þá er óleyfilegt að selja, afhenda eða sýna barni undir 16 ára aldri klám, einnig kemur fram að varsla og framleiðsla barnakláms er með öllu bönnuð. Í grænlenskum lögum er hvergi kveðið á um refsingar og er það því mat í hverju og einu tilfelli hvað sé viðunandi refsing. Grænlensk lög ná yfir alla í Grænlandi, bæði heimamenn og aðkomumenn, en þó er hægt að refsa aðkomumönnum samkvæmt dönskum lögum (Kriminallov for Grønland nr. 306/2008).

3.4 Samanburður á hegningarlögum

Þegar hegningarlögin eru skoðuð sést að þrátt fyrir ýmsa sameiginlega þætti er margt sem skilur að. Samræðisaldur allra landanna er 15 ár, sem felur það í sér að í öllum tilfellum sé refsivert að eiga samræði við börn undir þeim aldri. Þónokkur munur er þó á þeim refsingum

sem liggja við brotunum. Á Íslandi er það allt frá 1 ári að 16 árum. Í Færeyjum getur refsingin verið allt að 8 árum en engin lágmarksrefsing er tiltekin við brotinu. Í Grænlandi er ekki tekið fram í lögum hver refsingin er. Á Íslandi og í Grænlandi eru undanþágu ákvæði ef báðir einstaklingar eru á svipuðum aldri og má láta refsingu niður falla. Í íslenskum lögum er einnig tekið fram að geri gerandi sér ekki grein fyrir því að þolandinn sé undir samræðisaldri komi það til refsimminkunar. Í grænenskum lögum er það skylt að ganga úr skugga um aldur þess sem stunda skal kynferðismök með. Í íslenskum og færeyskum hegningarlögum er sérstaklega fjallað um að kynferðismök milli systkina séu bönnuð en það kemur ekki fram í hegningarlögum Grænlands.

Þegar skoðuð eru brot gegn eigin barni eða öðrum niðja kemur fram í íslenskum hegningarlögum að slík brot varði allt að 8 ára fangelsi og allt að 12 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára. Ekki er sérstaklega fjallað um það í grænenskum eða færeyskum lögum hvernig taka skuli á slíkum brotum þegar um blóðtengsl er að ræða. Þegar um er að ræða önnur fjölskyldutengsl sem ekki fela sér blóðtengsl kemur fram í íslenskum hegningarlögum að ef um er að ræða kjörforeldri eða stjúpforeldri liggi við því broti allt að 8 ára fangelsi og sé barnið yngra en 16 ára varðar brotið allt að 12 ára fangelsi. Í færeyskum lögum kemur fram að við sambærilegu broti liggi allt að 4 ára fangelsi sé barnið undir 18 ára aldri. Í grænenskum lögum er ekki skýrt kveðið á um þetta en þar kemur fram að það sé brotlegt að nýta sér aldurs- og þroskamun til þess að fá einstakling til kynferðismaka og gildir það líka ef um er að ræða slík tengsl sem áður voru nefnd. Í öllum löndunum er ákvæði í lögum sem felur það í sér að einstaklingur sem starfar með börnum megi ekki eiga í kynferðissambandi við þau.

Í hegningarlögum þessara landa er ákvæði þar sem tekið er á barnavændi. Í íslenskum hegningarlögum liggur almennt bann við kaupum á vændi og refsingin við því er sekt eða fangelsi allt að einu ári. Ef um er að ræða einstakling undir 18 ára aldri er refsingin sektir eða fangelsi allt að 2 árum. Einnig er sama refsing við því að hvetja eða aðstoða einstakling undir 18 ára aldri til vændis. Í færeyskum lögum er einnig bann við kaupum á vændi af einstaklingi undir 18 ára aldri og refsingin við því sektir eða fangelsi allt að 2 árum. Samkvæmt grænenskum hegningarlögum er ekki leyfilegt að kaupa kynlífsþjónustu af einstaklingi undir 18 ára aldri og kemur einnig þar fram að það sé refsivert að aðstoða einstakling undir 21 árs aldri við vændissölu. Í íslenskum og grænenskum lögum er fjallað um meðferð kláms og sýningu kláms. Í íslenskum hegningarlögum segir að það sé refsivert að sýna, selja eða

afhenda börnum og ungmennum undir 18 ára aldri klámefni. Í grænenskum lögum segir að sama brot sé refsivert ef barnið er undir 16 ára aldri. Einnig er það tiltekið að varsla og framleiðsla barnakláms sé bönnuð. Í íslenskum hegningarlögum er ákvæði sem tekur á slíku broti en þar er víðtækari skilgreining og kemur þar fram að bannað sé að fá barn til að taka þátt í nektar- og klámsýningum og liggur við því refsing allt að 2 ára fangelsi og ef um er að ræða stórfellt brot er það allt að 6 árum. Ekki er sérstaklega fjallað um meðferð kláms varðandi börn í færeyskum hegningarlögum.

Í íslenskum hegningarlögum eru skilgreiningar skýrari en í hinum, tilteknar eru fleiri útgáfur brota. Fyrir utan þau ákvæði sem áður eru nefnd, er þar einnig að finna ákvæði sem ætlað er að vernda börn í samskiptum á netinu, eða í annari upplýsinga- og fjarskiptatækni en þar kemur fram að refsivert sé að mæla sér mót við barn eða áreita það kynferðislega með öðrum hætti og liggja við broti þessu allt að 2 ára fangelsisvist. Hegningarlög Grænlands skera sig úr að því leyti að ekki er kveðið á um neinar refsingar í lögnum heldur er það í valdi dómara að meta aðstæður í hverju tilviki fyrir sig og ákveða refsingu út frá því. Það er eftirtektarvert við grænensk hegningarlög að sérstaklega sé tekið fram að kynferðisbrot gegn sama kyni séu bönnuð.

4 Barnaverndarlög

Í þessum kafla verða skoðuð barnaverndarlögin á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og þau borin saman. Barnaverndarlög bæði Íslands og Grænlands styðjast að miklu leyti við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns. Barnaverndarlög leggja grunninn að vernd barna í löndunum og er ætlað að veita börnum viðunandi skilyrði til að vaxa og þroskast með eðlilegum hætti.

4.1 Íslensk Barnaverndarlög

Barnaverndarlög voru fyrst sett á Íslandi árið 1932, og er talið að fram að því hafi tilskipan um húsaálag verið í gildi. Barnaverndarlögin hafa gengið í gegnum þónokkrar breytingar síðan þá. Þau voru endurskoðuð 2002 og svo voru gerðar talsverðar breytingar 2011. Megin áhersla barnaverndarlagana er á réttindi barna gagnvart hinu opinbera kerfi þegar fjölskyldur framfylgja ekki uppeldis- og umönnunar skyldum sínum (Geir Gunnlaugsson, 2011; Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Í íslenskum barnaverndarlögum er fjallað um réttindi barna en þar kemur fram að börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi (1. gr.). Markmið þessara laga er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við (2. gr.). Í Barnaverndarlögum eru börn skilgreind sem einstaklingar yngri en 18 ára. Einnig geta barnaverndaryfirvöld ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau séu orðin 18 ára, allt til 20 ára (3. gr.).

Tilkynningarskylda barnaverndar nær til allra sem hafa vitneskju eða grun um að barn búi við uppeldisaðstæður sem eru óviðunandi. Óviðunandi uppeldisskilyrði geta t.d. verið ef barn verður fyrir ofbeldi eða annars konar vanvirðandi háttsemi eða að heilsu þess eða þroska sé stefnt í alvarlega hættu. Almennig getur tilkynnt til barnverndarnefndar og farið fram á nafnleynd sem nær yfir þær upplýsingar sem foreldrar fá en nafn viðkomandi er

skráð hjá barnaverndarnefnd. Ákvæði þetta nær ekki yfir þá sem starfa með börnum (16. gr.). Fagstéttir sem vinnu sinnar vegna hafa frekari vitneskju um hagi barna hafa auknar skyldur þegar kemur að tilkynningum sem felur í sér að þeir verða að tilkynna með nafni. Þessi tilkynningarskylda er framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta (17. gr.).

Telji barnaverndarnefnd þörf á vistun utan heimilis getur hún með samþykki foreldris og barns hafi það náð 15 ára aldri komið barni í fóstur sem varað getur þangað til barn verður lögráða. Ef ráðstöfun er gegn vilja barns sem er yngra 15 ára hefur það rétt á að tala sínu máli og fá aðstoð talsmanns eða fagaðila. Ef ekki liggur fyrir samþykki foreldris getur barnaverndarnefnd fjarlæggt barn af heimili í allt að 2 mánuði teljist þess þörf, ef talið er að velferð barns eða rannsóknarhagsmunum sé stefnt í hættu. Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að vísa úrskurði til Héraðsdómara. Sé þörf á að vista barn í lengri tíma utan heimilis verður slíkt að úrskurðast fyrir héraðsdómi, og skal það endurskoðast á 12 mánaða fresti (26.-28. gr.).

Þegar nauðsyn krefur hefur barnaverndarnefnd heimild til að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá. Forsendur forsjárviptingar geta meðal annars verið að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu (29. gr.). Þegar grípa þarf til neyðarráðstafana getur formaður barnaverndarnefndar eða starfsmaður í umboði hans, samkvæmt 31. gr. barnaverndarlaga, án undangenginnar málsmeðferðar séð um framkvæmdina. Þegar þessu úrræði er beitt er um að ræða alvarlegt ástand sem felur í sér mikla hættu sem leiðir af sér að nauðsyn sé að fjarlægja barn af heimili eða koma í veg fyrir að farið verði með það í burtu. Barnaverndarnefnd getur farið fram á það fyrir dómi að heimilismanni verði vísað af heimili og farið fram á nálgunarbann. Það felur í sér að þeim einstaklingi er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, elta, heimsækja eða með öðrum hætti hafa samband við barn sé það talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barns (37. gr.) Hafi barn náð 15 ára aldri er það alltaf aðili máls, hafi barn náð 12 ára aldri skal það fá tækifæri til að tjá sig og tekið tillit til vilja þess eftir því sem aðstæður og þroski þess leyfir (46. gr.). Aðilar máls skulu hafa heimild til að tjá sig munnlega eða skriflega um efni máls eða annað sem snertir málsmeðferðina með aðstoð lögmanns áður en Barnavernd kveður upp úrskurð (47. gr.).

Í barnaverndarlögum er einnig tekið á brotum þar sem umsjónaraðili misbýður barni sem er í hans umsjón með því að beita það andlegu, líkamlegu, eða kynferðislegu ofbeldi. Hvers kyns vanræksla sem stefnir lífi og heilsu barns í voða fellur einnig undir barnaverndarlög. Brot af þessu tagi varða fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum (99. gr.). Barnaverndarlög stuðla að velferð barna og ungmenna og eiga að tryggja stöðu og lífsgæði barna á Íslandi (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

4.2 Færeysk barnaverndarlög

Barnaverndarlög sem nú eru í gildi í Færeyjum eru frá 8. mars 2005 og var síðast breytt 8. maí 2012. Tilgangur með barnaverndarlögunum er að tryggja börnum viðunandi aðstæður og góð uppeldisskilyrði svo að heilsa þeirra og þroski séu tryggð. Lögin eiga að tryggja að þau börn sem á þurfi að halda fái nauðsynlega aðstoð svo að þeim skilyrðum sé fullnægt (1. gr.). Lögð skal áhersla á að finna lausnir sem henta hverju barni sem best (2. gr.). Barnaverndarlögin ná yfir börn á aldrinum 0-18 ára en þó með ákveðnum undantekningum, því lögin geta náð yfir börn á aldrinum 18-23 ára sem hafa nýtt sér úrræði barnaverndarnefnda (15. gr.). Í lögunum er fjallað um tilkynningarskyldu og hvað hún felir í sér, tilkynningarskyldu hafi allir þeir sem hafa grun eða vitneskju um að foreldrar eða forsjáraðilar séu að vanrækja uppeldisskyldur sínar. Sá sem býr yfir slíkri vitneskju skal tilkynna það til viðkomandi barnaverndarnefndar. Einstaklingar hafa möguleika á að forráðamenn fái ekki upplýsingar um hver tilkynnir en allir verða að segja til nafns er þeir tilkynna. Einnig er sérstaklega fjallað um fagaðila sem starfa með börnum eða hafa vinnu sinnar vegna vitneskju um hagi barna, en þeim ber að tilkynna hafi þeir grun um að aðstæður barna sé ábótavant. komi tilkynning frá fagaðila er hún í öllum tilfellum undir nafni (14. gr.) (Barnaverndarlög nr. 18/2005).

Þau úrræði sem fjallað er um í lögum eru sálfræðiaðstoð, fjölskyldumeðferð, eða annað sem talið er þjóna hagsmunum barns sem best. Barni sem býr við mikla hættu og þarf að vista utan heimilis, skal finna viðunandi vistunarúrræði. Það getur verið fóstur á heimili eða á stofnun sem hentar í hverju tilfelli fyrir sig. Það er í höndum félagsráðgjafa hjá viðkomandi barnavernd að meta þörfina fyrir lausnir og hvaða úrræði eru við hæfi. Barn sem hefur náð 16 ára aldri hefur rétt á að fá aðstoð frá barnavernd til við að finna úrræði til að standa á eigin fótum, eins og hvað varðar leit á atvinnu og húsnæði. Áður en til þvingunarúrræða kemur leitar barnavernd ávallt eftir samvinnu við foreldra eða forráðamenn, en ef það næst

ekki getur barnaverndin beitt þvingunum sem talin er þjóna hagsmunum barnsins (15. gr.). Barnaverndarnefnd getur leitað eftir réttarúrskurði til að láta fjarlægja barn af heimili ef nauðsynlegt þykir (17. gr.). Við gerð áætlana þarf barn sem náð hefur 15 ára aldri að gefa samþykki fyrir áætluninni áður en hún kemst í framkvæmd og eins og fyrr segir ef barn þarf áframhaldandi stuðning samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaganna veitir barnavernd hann svo lengi sem þörf er talin á þangað til einstaklingurinn hefur náð 23 ára aldri (15. gr.) (Barnaverndarlög nr. 18/2005).

Í málum barna sem grunur er um að hafi orðið fyrir alvarlegum brotum, þar með talið kynferðislegu ofbeldi á eigin heimili, getur barnavernd beitt neyðarúrræði (19. gr.). Ef barn er fjarlægt tafarlaust af heimili verður að liggja fyrir samþykki frá barnaverndarstofu innan tveggja daga. Hægt er að vista barn utan heimilis í allt að þrjá mánuði án úrskurðar dómsstóla (20. gr.). Kynferðisofbeldi af hendi foreldra eða forsjáraðila er ein af mögulegum forsendum fyrir varanlegri forsjárvíptingu enda er brotið talið vera mjög alvarlegt (23. gr.). Forsenda fyrir því að barn sé sett í fóstur er að barnið hafi til dæmis verið í umsjón barnaverndar eða hafi engan forsjáraðila, alltaf er leitað eftir fósturfjölskyldu úr nærumhverfi barnsins sé þess kostur. Fóstur getur bæði verið tímabundið og til lengri tíma, en í sumum tilfellum, ef ekki finnst viðeigandi lausn, er hægt að senda barnið í fóstur erlendis (25. gr.). Fjallað er um réttindi barna í 44. gr. barnaverndarlaganna í Færeyjum, þar er tekið fram að barn sem hefur náð 12 ára aldri á að hafa rétt á að skoðanir þess séu virtar og á það sé hlustað. Við vinnslu mála getur barnavernd óskað eftir aðstoð lögreglu við kannanir og aðrar aðgerðir barnaverndarmála sé talin þörf á því (50. gr.) (Barnaverndarlög nr. 18/2005).

4.3 Grænensk barnaverndarlög

Í barnaverndarlögum Grænlands er barn skilgreint sem einstaklingur undir 18 ára aldri.

Tilgangur laganna er að tryggja að hagsmunir barna séu alltaf hafðir að leiðarljósi og að öll börn búi við viðunandi aðstæður þar sem velferð og þroski barns er tryggður ásamt því að ýtt sé undir sjálfstæði þess eins og kostur er (2. gr.) (Landstingsforordning om hjælp til børn og unge. nr. 1/2003). Hvað varðar tilkynningarskyldu hins almenna borgara samkvæmt lögnum er öllum skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef vitneskja eða grunur er um ófullnægjandi aðstæður barns, eða eitthvað sem ógni heilsu þess og þroska (4. gr.). Í þessari sömu grein kemur einnig fram að þeir einstaklingar sem starfa við félags, mennta- eða heilbrigðismál, bera aukna ábyrgð þegar kemur að tilkynningu um hugsanleg brot til

barnaverndar þar sem þeir hafa vinnu sinnar vegna aukinn aðgang að upplýsingum um hagi barna. Tilkynningarskyldan er fremri þagnarskyldu fagstétta. Sömu tilkynningarskyldu hafa einstaklingar sem eru kosnir í embætti. Það sama gildi ef þeir hafa vitneskju um þungaða konu sem með hegðun sinni stefnir heilsu eða lífi ófædds barns í háska, þá ber þeim að tilkynna slíkt til viðkomandi barnaverndarnefndar (5. gr.) (Landstingsforordning om hjælp til børn og unge. nr. 1/2003).

Þegar tilkynning berst til barnaverndar metur barnaverndarstarfsmaður hvort tilkynningin sé þess eðlis að rétt sé að kanna aðstæður barns. Fari slík könnun fram er markmið hennar að tryggja að ef barn býr við aðstæður þar sem líkamlegri eða andlegri heilsu þess er stefnt í hættu fái það viðunandi aðstoð. Almennt er leitað eftir samvinnu forráðamans en ef þurfa þykir getur barnaverndarnefnd kannað málið án þess að tilkynna forráðamanni svo lengi sem þörf er á. Við könnun málsins er leitað eftir upplýsingum frá þeim stofnunum sem hafa vitneskju um hagi barnsins svo sem skólum, heilbrigðisstofnunum eða öðrum slíkum stofnunum. Ef þurfa þykir getur rannsóknin farið fram á stofnun og ef ríkar ástæður eru til staðar getur barn verið vistað á viðeigandi stofnun eins og til dæmis geðdeild á meðan rannsókn fer fram (6. gr.).

Barn sem náð hefur 10 ára aldri er talið aðili máls ef þroski þess leyfir og barn sem náð hefur 15 ára aldri er í öllum tilfellum aðili máls (8. gr.). Þegar ákvörðun um úrræði er tekin skal barnavernd finna þau úrræði sem best henta barninu. Áður en til framkvæmdar kemur skal samþykki foreldra liggja fyrir sem og samþykki barns hafi það náð 15 ára aldri. Úrræði sem barnavernd getur leitað eftir að veita eru ráðgjöf fyrir fjölskylduna, persónuleg ráðgjöf og fjárhagsstuðningur svo eitthvað sé nefnt. Einstaklingnum og fjölskyldunni er veittur stuðningur á meðan þörf þykir (9. gr.) (Landstingsforordning om hjælp til børn og unge. nr. 1/2003). Í 10.-11. gr. barnaverndarlaganna er fjallað um að barnaverndarnefnd geti fjarlæggt barn af heimili þó svo að samþykki forsjáraðila liggja ekki fyrir, ef grunur leikur á að barn búi við aðstæður þar sem það sætir misþyrmingum eða brotið sé á því með öðrum hætti. Barnaverndarnefnd getur ekki tekið ákvörðun um að fjarlægja barn af heimili nema barni og forsjáraðila hafi verið tilkynnt um rétt þeirra til að hafa ráðgjafa viðstaddan (Landstingsforordning om hjælp til børn og unge. nr. 1/2003).

4.4 Samanburður á barnaverndarlögum

Markmið barnaverndarlaga allra landanna eru í grunninn mjög svipuð en það er að vernda börn eins og kostur er og koma með úrræði til lausnar á þeim vanda sem upp kemur. Tilkynningarskylda er mikilvægur þáttur í barnaverndarlögum og er kveðið á um hana í barnaverndarlögum þessara þriggja landa og nær hún til alls almennings. Í íslenskum barnaverndarlögum er sér ákvæði sem nær yfir fagaðila sem vegna vinnu sinnar hafa frekari upplýsingar um hagi barna. Þar segir að tilkynningarskyldan sé fremri ákvæðum annarra laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Þegar skoðuð eru þau úrræði sem kveðið er á um í lögum er þó nokkur munur á milli landanna. Í íslenskum barnaverndarlögum er fjallað um þau neyðarúrræði sem hægt er að grípa til svo sem að svipta forsjáraðila forræði, að fjarlægja barn af heimili með eða án samþykkis forsjáraðila, koma barni í fóstur, vísa heimilismanni af heimili, setja nálgunarbann á heimilismann sem barni er talin stafa ógn af og koma í veg fyrir að farið sé með það úr landi.

Í færeyskum barnaverndarlögum er kveðið á um það í lögum að veita skuli barni og fjölskyldu þess nauðsynlega sálfræðiaðstoð og/eða fjölskyldumeðferð í kjölfar kynferðisofbeldis. Í neyðartilfellum þar sem um er að ræða bráða hættu, er hægt að grípa til þess að fjarlægja barn af heimili og finna því viðunandi vistunarúrræði annað hvort á fósturheimili eða stofnun við hæfi. Færeysk barnaverndarlög skera sig að nokkru leyti úr að því leyti að þrátt fyrir að barn sé skilgreint sem barn til 18 ára aldurs eru ákvæði þar sem talað er um að aðstoða það við að finna herbergi/íbúð og vinnu. Þarna er það metið svo að börn geti í einhverjum tilfellum haft nægilega getu og þroska 16 ára gömul til að standa á eigin fótum með stuðningi frá barnaverndarnefnd. Stuðningur barnaverndarnefnda getur verið með ýmsum hætti. Í Færeyjum getur einstaklingur sem þarf stuðning barnaverndar í vissum tilfellum fengið hann til 23 ára aldurs. Á Íslandi er sambærilegt ákvæði en það nær til 20 ára aldurs. Í grænenskum barnaverndarlögum er ekkert minnst á aðstoð eftir 18 ára aldur. Í barnaverndarlögum allra landanna er lögð áhersla á að leitast skuli við að ná samvinnu við foreldra en ef það næst ekki að þá verði að beita þvingunum og jafnvel fjarlægja barn úr umsjá forsjár foreldra sé það talið þjóna hagsmunum barnsins best. Samkvæmt 17. gr. grænenskra barnaverndarlaga hefur barnaverndarnefnd heimild til að leita eftir réttarúrskurði til að fjarlægja barn af heimili sé það talið nauðsynlegt ef foreldrar eða forráðmenn veita ekki samþykki sitt. Í 18. grein sömu laga kemur fram að barn sem þarf á lífsnauðsynlegri aðstoð að halda, sem foreldrar eða forráðamenn samþykkja ekki getur

barnaverndarnefnd án réttarúrskurðar gripið inn í svo barnið fái viðunandi aðstoð. Samkvæmt 19. grein grænleskra barnaverndarlaga getur barnaverndarnefnd yfirtekið forsjá barns í neyðartilfellum svo sem ef barn verður fyrir kynferðisofbeldi heima hjá sér og þar með gert þær ráðstafanir sem talið er að henti best.

Í öllum löndunum eru starfandi barnaverndarnefndir sem leitast við að sinna málefnum barna. Barnaverndarnefndir hafa misjöfn úrræði þegar kemur að því að vinna með börnum sem orðið hafa fyrir kynferðisbrotum og verður farið nánar í þau í næsta kafla. Eins skilgreina öll löndin hugtakið barn sem alla einstaklinga frá aldrinum 0-18 ára.

5 Viðbrögð barnaverndarnefnda við kynferðisbrotum

Í þessum kafla verður fjallað um verklag barnaverndarnefnda þegar það berst tilkynning um barn sem grunur leikur á að sæti kynferðislegu ofbeldi. Markmið barnaverndarnefndanna er í öllum löndunum að gæta þess að börn búi við ásættanlegar aðstæður og ef svo er ekki er það á þeirra ábyrgð að grípa inni og gera áætlun í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn.

Samkvæmt barnaverndarlögum í öllum löndum er skýrt kveðið á um að öllum þeim sem vita eða hafa grun um að barn sé beitt ofbeldi, eða á annan hátt brotið gegn því, ber skylda til að tilkynna slíkt til barnaverndaryfirvalda.

5.1 Viðbrögð barnaverndarnefnda á Íslandi

Hér á landi starfa 27 barnaverndarnefndir og taka þær við tilkynningum allan sólarhringinn. Hægt er að hafa samband við neyðarlínuna 112 til að tilkynna brot og er alvarleiki þeirra metinn þar, sé þörf á inngripi er strax haft samband við viðkomandi barnaverndarnefnd. Ef málið þolir hins vegar bið er því komið á framfæri strax og skrifstofur barnaverndarnefnda opna. Allar barnaverndarnefndir eru skipaðar fagaðilum og sinna daglegum störfum nefndarinnar (Barnaverndarstofa, 2012).

Þegar barnavernd berst tilkynning um að grunur sé á að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi fer af stað fastmótað ferli þar sem barnaverndarstarfsmaður tekur á móti tilkynningunni og skráir hana (21. gr.). Næsta skref barnaverndar er svo að tilkynna forsjáraðilum að tilkynning hafi borist, þó getur barnaverndarnefnd í ljósi rannsóknarhagsmuna frestað þessari tilkynningu. Er það gert t.d. þegar um er að ræða grun um kynferðisofbeldi og ekki er vitað hver gerandinn er eða ef foreldri er meintur gerandi. Þegar tilkynningu til forráðamanna er frestað er mikilvægt að það sé gert í samráði við lögreglu (Barnaverndarlög 80/2002).

Næsta skref er að meta hvort hefja skuli könnun máls. Einungis mega líða 7 dagar frá því málið er tilkynnt og þar til ákvörðun er tekin um hvort eigi að skoða málið nánar. Barnaverndarstarfsmenn þurfa að meta það í hverju tilviki fyrir sig ef hefja á könnun máls hvort þörf sé á tafarlausum aðgerðum eða hvort það þoli eðlilega framvindu. Með könnun máls er markmiðið að fá þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo hægt sé að leggja mat á aðstæður barns. Starfsmönnum barnaverndarnefndar ber að afla upplýsinga um hag barna,

líkamlegt og andlegt ásigkomulag, tengsl við fjölskyldu og aðra, heimilisaðstæður, skólagöngu, almenna líðan og hegðun (22. gr.). Til þess að kanna megi aðstæður á heimili og ræða við barn þar verður að fá samþykki forsjáraðila. Ef það næst ekki eða talið er best að halda forsjáraðilum utan við rannsóknina er heimild í lögum um að ræða við barn í einrúmi annars staðar, eins og til dæmis í skóla eða félagsmiðstöð og þá er ekki þörf á að fá leyfi hjá foreldrum fyrirfram. Í þeim tilfellum verður að tilkynna forsjáraðilum um leið og hægt er að könnun hafi átt sér stað. Telji barnavernd að barn sé í bráðri hættu getur formaður nefndarinnar eða starfsmaður í hans umboði farið fram á neyðarráðstöfun án undangenginnar málsmeðferðar (31. gr.).

Þegar kemur að rannsókn barnaverndarnefnda ber starfsmanni að leitast við að hafa samráð og samvinnu við foreldra sé þess nokkur kostur (43. gr.) (Barnaverndarlög 80/2002). Öllum er skylt að veita barnavernd upplýsingar sem óskað er eftir og er sú lagaheimild ofar þagnarskyldu (44. gr.). Barnaverndarnefnd hefur því heimild til að afla upplýsinga um aðila sem eru til skoðunar hjá þeim, hjá öllum þeim stofnunum sem gætu veitt einhverjar upplýsingar er málið varðar. Skólinn, heilsugæslan, félagsmiðstöðvar, meðferðaheimili o.fl. eru þær stofnanir þar sem starfsmanni barnaverndar er heimilt að leita til við vinnslu mála. Þegar mál eru skoðuð hjá barnaverndarnefnd gæti starfsmaður sem er með málið til skoðunar beðið um að fá að heimsækja fjölskylduna til að afla sér upplýsinga um málið (Barnaverndarlög 80/2002).

Barni sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi er vísað í Barnahús, tilgangur þess getur verið að veita almenna meðferð og að afla upplýsinga varðandi dómsmál (Ólöf Ásta Farestveit, 2011). Meginreglan er sú að ekkert er aðhafst í formi meðferðar eða stuðnings fyrr en dómsmeðferð málsins er lokið til þess að trufla ekki meðferð málsins innan réttarvörslukerfisins. Þegar skýrslutaka fer fram í Barnahúsi getur greining og meðferð hafist strax að skýrslutöku lokinni (Bragi Guðbrandsson, munnleg heimild, 15. febrúar 2013). Þegar barnaverndarnefnd hefur fengið tilkynningu vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni getur starfsmaður barnaverndarnefndar leitað til Barnahúss og fengið leiðbeiningar um könnun máls. Unnið er að skipulagningu málsmeðferðar og er mælt með að barnaverndarnefnd óski eftir lögreglurannsókn sé grunur um að barnið hafi orðið fyrir kynferðisbroti og ef gerandinn er eldri en 15 ára. Barnaverndarnefnd metur hvort þörf sé á lögreglurannsókn og læknisskoðun. Í Barnahúsi getur barn gengist undir læknisrannsókn en

barnalæknir, kvensjúkdómalæknir og hjúkrunarfræðingur eru til taks í Barnahúsi á fyrirfram ákveðnum tímum (Barnaverndarstofa, 2012).

Það er í höndum barnaverndarnefnda að kanna málin og meta hvort þörf sé á frekara inngripi. Ef barn sætir kynferðislegu ofbeldi á heimili sínu getur barnaverndarnefnd gripið til þeirra úrræða sem hún hefur. Alltaf er reynt að nýta vægustu úrræðin sem þó eru talin líkleg til að skila árangri. Þess vegna er samstarf við forráðamenn alltaf reynt fyrst. Ef það er talið ólíklegt til árangurs getur barnaverndarnefnd gripið til þess að fjarlægja barn af heimili og er þá gripið til tímabundins fósturs eða annara skammtímaúrræða. Ef ekki næst að leysa úr vandanum og skapa barni viðunandi aðstæður á heimili getur barnaverndarnefnd tekið yfir forræði barns og komið því í varanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd vísar börnum áfram á önnur úrræði sé þess þörf (Barnaverndarlög 80/2002). Lögreglan hefur heimild til að ákveða hvar skýrslutaka fer fram, en almennt fer skýrslutaka barna á aldrinum 15-18 fram á lögreglustöð og því farið með mál þeirra eins og fullorðinna (Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008; Bragi Guðbrandsson, munnleg heimild, 15. febrúar 2013).

5.2 Viðbrögð barnaverndarnefnda í Færeyjum

Þegar barnaverndarnefnd berst tilkynning er byrjað á því að leggja mat á tilkynninguna og er í þeim tilgangi haldinn fundur hjá barnaverndarnefnd. Þar er farið yfir tilkynninguna og málið skoðað í heild sinni. Eftir að barnaverndarnefnd hefur fengið tilkynningu hefur hún 7 daga til að meta hvort þörf sé á að kanna málið (42. gr.). Ef upp koma aðstæður sem krefjast tafarlauss inngrips vegna þess að velferð eða þroska barns er stefnt í hættu getur formaður barnaverndarnefndar eða staðgengill hans farið fram á bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja öryggi barnsins (43. gr.). Sé það metið svo að þroski barns sé nægur á að upplýsa það um stöðu mála þjóni það hagsmunum þess, hafi barn náð 12 ára aldri skal ákvörðun tekin í samráði við barnið. En barn sem hefur ná 15 ára aldri er sjálfkrafa aðili máls og skal það hafa tillögu og umsagnarétt (44. gr.). Ef barnaverndarnefnd metur það svo að bregðast þurfi við tilkynningu skal hún í samræmi við barnaverndarlögin kanna alvarleika og eðli málsins. Leitað er eftir upplýsingum frá öllum þeim sem líklega búa yfir vitneskju um hagi barnsins. Við rannsókn málsins er nauðsynlegt að leitast við að takmarka umfang rannsóknarinnar við þau atriði sem snerta það beint, til þess að draga úr neikvæðum afleiðingum fyrir barnið og fjölskyldu þess. Ef barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að kanna málið er ekkert sem forsjáraðilar eða barn geta gert til að stöðva það. Barnaverndaryfirvöld geta farið fram á

að taka viðtal við barnið, og sé þess þörf getur barn átt rétt á að hafa faglærðan talsmann viðstaddan (45. gr.). Upplýsingar um málið eru unnar í samvinnu við þá sem málið varðar og er þeim sem kunnugt er um atvik eða eru aðilar máls skylt að gefa upplýsingar (46. gr.) Þegar grípa þarf til ráðstafana skal skrifleg áætlun liggja fyrir hjá barnaverndarnefnd. Í áætluninni skal koma fram hvaða úrræði eru talin henta barninu best og hver markmiðin séu. Þegar gripið er til aðgerða skal Barnaverndarstofu tilkynnt um hvaða ráðstöfun barnavernd hefur lagt til og skal áætlunin hafa tímamörk (47. gr.).

Áður en til framkvæmdar úrræða kemur þarf skriflegt leyfi frá forsjáraðilum og barni hafi það náð 15 ára aldri. Áður en samþykki liggur fyrir skal barnaverndarnefnd veita upplýsingar um málið og hvað felst í því þegar samþykki er veitt (48. gr.).

Könnun máls skal hefjast eins fljótt og mögulegt er og skal henni lokið innan 3 mánaða. Ákvörðun í málinu skal liggja fyrir innan tveggja vikna eftir að rannsókn lýkur, ef niðurstöður leiða í ljós að barn þarf frekari aðstoð skal barnavernd hefja framkvæmd eins fljótt og auðið er, ef mögulegt er innan sex vikna (49. gr.). Ef nauðsyn þykir getur barnaverndarnefnd beðið um aðstoð lögreglu til að rannsaka ákveðin mál og eru ákvarðanir teknar samkvæmt þessum lögum (50. gr.).

Þeir sem starfa í opinberri þjónustu, á vegum ríkisstofnana, starfsmenn barnaverndarnefnda og allir sem koma að máli viðkomandi barns, þurfa að gæta trúnaðar í meðferðum upplýsinga. Skal gæta fyllstu varúðar til að tryggja að óviðkomandi aðilar séu ekki upplýstir um rannsóknina og niðurstöður hennar. Það er hins vega ekki brot á þagnarskyldu þegar gefnar eru upp upplýsingar sem skylt er að birta samkvæmt lögum til að gæta hagsmuna barnsins (51. gr.) (Barnaverndarlögin nr. 18/2005).

5.3 Viðbrögð barnaverndarnefnda í Grænlandi

Þegar tilkynning þess efnis berst að barn búi við óviðunandi aðstæður skal barnaverndarnefnd kanna aðstæður barns. Ef þörf er á rannsókn vegna málsins skal gera það með samþykki forsjáraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri. Í sömu grein segir að ef ekki fæst samþykki forsjáraðila eða barns sem náð hefur 15 ára aldri og talið sé að verið sé að stofna lífi barns í hættu getur barnaverndarnefnd ákveðið að framkvæma rannsókn. Ef þörf krefur er könnunin gerð í samvinnu við fagaðila á sviði heilbrigðis, félags- og menntamála (6. gr.). Leiði rannsóknin í ljós að þörf sé á inngripi skal gera viðeigandi ráðstafanir, í

rannsókninni skal koma fram hvernig forsjá og aðstæðum barnsins sé háttað og tilgreina skal til hvaða úrræða verður gripið til að bæta aðstæður barnsins (7. gr.).

Áður en ákvörðun er tekin í máli hjá barni sem náð hefur 10 ára aldri skal vera búið að taka viðtal við barnið og skulu sjónarmið þess vera tekin til greina við endanlega ákvörðun ef þroskinn er í samræmi við aldur. Meta skal út frá þroska barns sem ekki hefur náð 10 ára aldri hvort sjónarmið þess hafi ákvörðun á niðurstöður málsins (8. gr.) (Landstingsforordning om hjælp til børn og unge. nr. 1/2003).

6 Opinber umræða og rannsóknir

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknir á umfangi og eðli kynferðisbrota í löndunum þremur. Misjafnt er hversu mikið er til um málefnið og hversu aðgengilegar tölfræðilegar upplýsingar eru, til að mynda eru engin aðgengileg gögn varðandi fjölda tilkynntra kynferðisbrota til barnavernda á Grænlandi. Rannsóknir benda samt til að tíðnin sé þar hærrí en annarsstaðar en þar er einnig hærrí tíðni annara félagslegra vandamála. Með þeirri samfélagsvakningu sem orðið hefur um kynferðisofbeldi hefur rannsóknum fjölgað en vegna skorts á nákvæmum skilgreiningum og mismunandi skráningar getur verið erfitt að bera saman niðurstöður á milli landa. Þessar rannsóknir gefa þó áhveðna mynd af stöðu mála (Ghate, 2000).

6.1 Ísland

Á Íslandi höfðu tíðni og umfang kynferðisbrota ekki mikið verið rannsökuð fyrr en viðamikil faraldsfræðileg rannsókn var gerð á kynferðislegu ofbeldi á börnum árin 2000 - 2001. Rannsóknin var framkvæmd af Hrefnu Ólafsdóttur félagsráðgjafa og Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðingi. Sú skilgreining sem stuðst var við í rannsókninni er að kynferðisbrot allt frá kynferðislegu athæfi án snertingar til kynferðislegrar snertingar þar sem þolandi er krafinn um þátttöku gegn vilja sínum. Samkvæmt þessari rannsókn rannsóknarinnar höfðu 17% barna orðið fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. Hlutfall stúlkna var töluvert hærra en drengja en 23% stúlkna svöruðu því játandi að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og 8% drengja (Hrefna Ólafsdóttir, 2011).

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir gerði rannsókn í öllum framhaldsskólum á Íslandi árið 2004, nemendurnir voru á aldrinum 16-19 ára. Rannsóknin var gerð til að varpa ljósi á líðan, hegðun og á bakgrunn þolenda. Kynferðisofbeldi gegn barni var skilgreint sem athöfn sem felur í sér að einstaklingur undir 18 ára aldri sé þvingaður til að taka þátt í kynferðislegri athöfn gegn vilja sínum. Einn af þeim þáttum sem voru athugaðir var hve stór hluti drengja og stúlkna hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Niðurstöðurnar sýndu að stúlkur voru tvöfalt líklegri til að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku en drengir, í heildina sögðust 27,3% framhaldskólanemanna hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða 35,7% stúlkna og 17,8% drengja. Hjá báðum kynjum var algengast að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi á

aldurinum 13-17 ára sem samsvarar að fjórðungur nemendanna hafi upplifað kynferðisofbeldi fyrir 17 ára aldur (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011).

Íris Böðvarsdóttir og Ask Elklit gerðu rannsókn á áfallstreituröskun hjá nemendum í 9. bekk og kom í ljós 74% stúlkna og 79% drengja höfðu orðið fyrir minnst einu áfalli um ævina. Í rannsókninni sem lögð var fyrir nemendurna var kynferðisleg misnotkun skilgreind sem kynferðisleg áreitni af hendi eldri einstaklings eða fjölskyldumeðlims. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að 3,9% unglínganna höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en stúlkur voru töluvert líklegri en drengir til að hafa orðið fyrir slíkum brotum eða 5,8% stúlkna og 3,9% drengja. Athygli vakti að andstætt öðrum rannsóknum mældist engin fylgni á milli áfallastreituröskunnar og kynferðislegs ofbeldis en ekki var nein ljós skýring á því (Íris Böðvarsdóttir og Elklit, 2007).

Þegar tölfræði Barnaverndarstofu er skoðuð kemur í ljós að á árunum 2008-2011 voru tilkynningar vegna kynferðisbrota á bilinu 441-479 á ári hverju, en ekki er verulegur munur á milli ára, en það eru 4,8-5,8 % allra tilkynninga sem barnaverndarnefndum berast (Barnaverndarstofa, 2012).

6.2 Færeyjar

Kynferðisbrot eru eðli málsins samkvæmt mjög viðkvæmur málaflokkur, og hefur umræða um og rannsóknir á honum verið frekar takmarkaðar. Sameinuðu þjóðirnar hafa gagnrýnt stöðu mála í Færeyjum. Gagnrýnin hefur helst beinst að lélegri eftirfylgni með því að réttindi barna séu tryggð ásamt því hversu lítið umfang og eðli kynferðislegrar misnotkunar hefur verið rannsakað þar (Galaasen, Grostøl, Wang, Kvaran, og Michelsen, 2012).

Þegar skoðaðar eru tilkynningar til barnaverndarnefnda kemur í ljós að árið 2011 bárust 25 tilkynningar vegna kynferðisbrota gegn börnum sem er heldur fleiri en tilkynntar voru 2009 en þá var tilkynnt um 18 mál. Mikill munur sést svo þegar skoðaðar eru tölur frá 2010 en þá var aðeins tilkynnt um 4 mál (Barnaverndarstofa Føroya, 2009, 2010, 2011).

Þrátt fyrir að tilkynningum um kynferðisbrot hafi fjölgað töluvert er Oddbjörg Balle, forstjóri Barnaverndarstofu í Færeyjum, efins um að það stafi af auknu ofbeldi heldur sé það vegna þess að umræðan hefur opnast og fólk er farið að leita eftir aðstoð í kjölfar slíkra brota (Oddbjörg Balle, munnleg heimild, 6. mars 2013). Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið í Færeyjum hafa verið gerðar á efnahagslegum eða pólitískum grundvelli. Þó var komið inná upplifun af kynferðislegu ofbeldi í rannsókn sem gerð var á áfallastreituröskun meðal

ungmenna í Færeyjum af Tóru Petersen, Ask Elklit og Janne Gytz Olesen. Rannsóknin var gerð á nemendum í 8. bekk í grunnskólum í Færeyjum. Samkvæmt henni höfðu 94% stúlkna og 89% drengja hefðu upplifað neikvæðan atburð sem hafði haft veruleg áhrif á líðan þeirra. Rannsóknin sýndi að 5,2% ungmennanna hefði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, 6,5% stúlkna og 3,8 % drengja. Ungmenni sem bjuggu hjá einstæðu foreldri voru í aukinni hættu á að verða fyrir áföllum eða neikvæðri reynslu, þar með töldum kynferðisbrotum. Stúlkur voru í meiri hættu en drengir. Þessi niðurstaða er í samræmi við aðrar rannsóknir sem hafa verið gerðar á sama grundvelli og þessi. Fram kom að skortur er á fagfólki sem veitt getur ráðgjöf og stuðning til ungmenna í þessari stöðu. Einnig er mikil vöntun á rannsóknum til að efla þau úrræði sem í boði eru (Íris Böðvarsdóttir og Elklit, 2007; Petersen, Elklit og Olesen, 2010).

Ástæða fyrir aukinni umræðu í þjóðfélaginu, hvort heldur sem er meðal fagaðila, almennings eða í fjölmiðlum, er að hluta til sú að einstaklingar eru farnir að stíga fram og tala meira um kynferðisofbeldi og segja frá eigin reynslu. Fólk vill fá að sjá meiri framfarir í málaflokknum og opnari umræðu um kynferðisbrot. Í ljósi þróunarinnar er talin þörf á að opna Barnahús og vonir standa til þess að sú verði raunin í náginni framtíð (Oddbjörg Balle, munnleg heimild, 6. mars 2013).

Á síðastliðnum árum hefur orðið vitundarvakning varðandi kynferðisofbeldi gegn börnum og ungmennum. Umræðan um málefnið hefur verið mjög mikil á síðastliðnu ári og því hefur ríkisstjórnin gefið út tilkynningu sem var á þá leið að til að tryggja réttindi barna og svo að börn sem að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fái nauðsynlega meðferð sé mikilvægt að opna Barnahús. Eftir að samþykki lá fyrir hjá ríkisstjórninni og fjárveiting veitt var sá undirbúningur hafinn. Þar sem „íslenska módelið“ er mjög vel þekkt á Norðurlöndunum var ákveðið að sækja þekkinguna þangað. Barnahús í Færeyjum er komið vel á veg og verður opnað á þessu ári (Elin Winther Poulsen, munnleg heimild, 11. mars 2013).

Í kjölfar umræðunnar var félagið „Verjið börnin“ stofnað þann 16. júlí 2012, markmið félagsins er að vekja samfélagið til umhugsunar um kynferðisofbeldi gagnvart börnum og að rödd barnanna heyrist. Grundvallarsjónarmið samtakanna eru að krefjast þyngri refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum, rjúfa þögnina, stuðla að forvörnum og tryggja börnum öruggt umhverfi (Klein, 2012). Einnig var frumvarp lagt fyrir Landstjórn Færeyja í nóvember 2012 um að gerð yrði heildaráætlun vegna kynferðislegrar misnotkunar. Markmið áætlunarinnar er efla umræðuna enn frekar og taka á þeim viðamikla vanda sem hefur

hingað til verið flestum falinn. Í áætluninni kemur fram hvaða þætti þarf að styrkja til að þolendur fái viðeigandi aðstoð. Í áætluninni eru gerðar tillögur að breytingum á löggjöfinni til dæmis að þolendur fái meiri aðstoð, áhersla verði lögð á forvarnir og að komið verði á fót Barnahúsi (Rein, 2012).

6.3 Grænland

Kynferðisofbeldi hefur verið viðvarandi vandamál í Grænlandi og hefur ýmislegt bent til að hlutfall þeirra sem verða fyrir kynferðisbrotum sé hátt. Með aukinni umræðu og rannsóknum hefur áhuginn á því að vinna gegn vandanum vaxið og hægt hefur verið að draga úr fordómum og opna á opinbera umræðu um málaflokkinn. Eins að taka skömmina af þolendum og gera þeim kleift að tjá sig opinberlega um brotin sem framin voru gegn þeim (Nielsen, 2010).

Ýmislegt hafði ýtt á að nákvæmar athuganir færu fram á vandanum en rannsókn sem gerð var á árunum 1992-1994, þar sem upplifun fólks af ofbeldi var könnuð, sýndi fram á að kynferðisofbeldi væri þó nokkuð algengt og færi vaxandi. Úrtakið var fólk á aldrinum 18-67 ára. Þar kom fram að 24,5 % kvenna hafði orðið fyrir kynferðisofbeldi og 7,8% kvenna höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn. Meðal karlmannna var hlutfallið lægra en meðal kvenna en 5,6 % þeirra höfðu orðið fyrir kynferðisbrotum og 3,2 % sem börn. Það sýndi sig í því að hlutfall ungs fólks sem orðið hafði fyrir kynferðisofbeldi sem börn var töluvert hærra meðal þeirra sem voru í aldursþópnum 18-25 ára heldur en meðal þeirra sem eldri voru (Curtis, Larsen, Helweg-Larsen og Bjerregaard, 2002).

Önnur rannsókn var gerð árið 2002 og staðfesti hún það sem áður hafði komið fram um að vandinn væri stór en þar kom fram að hlutfall þeirra barna sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun er 9% drengja og 28 % stúlkna verða fyrir kynferðisofbeldi fyrir 12 ára aldur (Curtis, Larsen, Helweg-Larsen, Pedersen, Olesen og Sørensen, 2004).

Í rannsókn sem gerð var 2007-2008 fyrir grænlandsku heimastjórnina þar sem skoðuð var velferð barna í Grænlandi kom í ljós að kynferðisleg misnotkun er meiri í norðurhluta Grænlands heldur en annarsstaðar í landinu. Rannsóknin byggði að hluta til á viðtölum við mæður og kom í ljós þar að 5% þeirra töldu sig vita eða höfðu grun um að barn þeirra hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Einnig sögðu 30% þeirra frá því að þær hefðu orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn. Börn mæðra sem orðið höfðu fyrir kynferðisofbeldi eru líklegri til

að alast upp við fjölþættan félagslegan vanda og þar með aukna hættu á að verða fyrir kynferðisbrotum (Baviskar, Christensen, og Kristensen, 2009).

Þrátt fyrir að flestar þær rannsóknir og skýrslur sem gerðar hafa verið hafi bent til þess að grænensk ungmenni séu í meiri hættu en ungmenni í nágrannabjórðunum að verða kynferðislegu ofbeldi, er þekking á málefnum enn af skörum skammti. Í rannsókn Sidsel H. Karsberg, Mathias Lasgaard og Ask Elklit (2012), þar sem könnuð var áfallastreituröskun meðal tólf til átján ára nemenda kom í ljós há tíðni kynferðisbrota í Grænlandi. Rannsókn þessi var liður í samræmdum rannsóknum sem gerðar voru í 7 löndum þar á meðal Íslandi og Færeyjum. Ungmenni í Grænlandi voru í mestri hættu á að verða fyrir kynferðisofbeldi en 10% ungmennanna höfðu upplifað slíkt. Stúlkur voru í töluvert meiri hættu en drengir en 14,6 % stúlkna höfðu upplifað kynferðisofbeldi en 4,4% drengja (Karsberg, Lasgaard og Elklit, 2012).

Ein af ástæðunum er talin vera menningarlegur munur á milli landanna, búseta og menntun foreldra. Í ljós kom að ungir Inúítar voru í meiri hættu en aðrir íbúar á að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og þá sérstaklega stúlkur. Þau ungmenni sem bjuggu við betri skilyrði voru í minni hættu gagnvart kynferðislegu ofbeldi (Bjerregaard og Lynge, 2006). Niclasen og Köhler töldu að hægt væri að tengja kynferðislega misnotkun við háa sjálfsmorðstíðni og að 3,7%-10% skólabarna bjuggu við mjög mikla fátækt (Niclasen og Köhler, 2009). Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir frá Grænlandi varðandi fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda.

Til að bæta stöðu barna í Grænlandi var fyrsti umboðsmaður barna skipaður í Grænlandi árið 2012. Starf hans felst meðal annars í því að sjá til þess að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé virtur á Grænlandi og að réttindi barna séu tryggð, að raddir barna og ungs fólks heyrist í grænlsku samfélagi. Umboðsmaður barna á Grænlandi ráðleggur og leiðbeinir bæði opinberum stofnunum og einkaaðilum til að bæta aðstæður barna (MIO, e.d.). Kaalat Wilche starfsmaður í Barnahúsi á Grænlandi segir að með opnun Barnahúss árið 2011 hafi verið stigið framfaraskref í meðferðarúræðum fyrir þolendur kynferðisbrota, þó megi enn bæta ýmislegt. Kynferðisofbeldi er ekki lengur jafn falið og ný sjónarmið séu að koma upp á yfirborðið. Haustið 2012 var haldin ráðstefna fyrir allt landið sem var ætluð fagaðilum sem starfa með börnum og ungmönnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Kom þar fram að mikilvægt væri að upplýsa almenning um hvað séu eðlileg mörk þegar kemur að kynhegðun og kynlífi. Til að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og

ungmennum er talið mikilvægt að bjóða gerendum í kynferðisbrotamálum gegn börnum uppá aðstoð með það markmiði til að draga úr líkum á endurteknum brotum. Í kringum 1990 fóru fagaðilar að tala um að opna umræðuna um kynferðisofbeldi sem fram að því hafði verið bannorð í samfélaginu. Að sjálfsögðu vakti þetta mikil viðbrögð og þá kom einnig í ljós hve mikill skortur var á fagaðilum til að vinna með þolendum kynferðisbrota. Sú vitundarvakning sem hefur átt sér stað hefur verið lengi í vinnslu en er nú farin að skila árangri, meðal annars með tilkomu Barnahúss og jákvæðari viðhorfum hjá flestum (Kaalat Wilche, munnleg heimild, 12. mars 2013).

7 Úrræði

Í þessum kafla er fjallað um úrræði í hverju landi fyrir sig og sagt frá uppbyggingu þeirra í grófum dráttum. Farið í það hverjir standa að rekstri viðkomandi úrræða og hver markhópur þeirra er. Úrræði landanna eru mismikil og virðast löndin vera mislangt komin í þróun þeirra. Ísland er nokkuð framarlega þar sem úrræðin þar eru eldri en í hinum löndunum. Mikil uppbygging á síðustu árum hefur átt sér stað í Grænlandi og var Barnahús stofnað þar 2011 að íslenski fyrirmynd. Færeyjar virðast vera nokkru aftar en þar er lítið um úrræði sem taka sérstaklega á kynferðisbrotum.

7.1 Ísland

Á Íslandi hefur verið þónokkur gróska og þróun í þjónustu við þolendur kynferðislegs ofbeldis hvort sem um er að ræða úrræði rekin af hinu opinbera eða úrræði og fræðsla sem rekin eru af félagasamtökum.

Hinn 1. nóvember 1998 hóf Barnahús starfsemi sína, hugmyndafræði þess er að koma í veg fyrir endurtekið áfall hjá barni en hætta er á slíku ef barn þarf að endurtaka frásögn sína ítrekað og reyna að upplýsa mál með sem bestum hætti. Barnahús er starfrækt af Barnaverndarstofu og er markmið með rekstri þess að sameina þær stofnanir og úrræði sem börn þurfa að leita til í kjölfar kynferðisbrota. Í Barnahúsi fara fram könnunarviðtöl leiki grunur á því að barn hafi sætt kynferðislegu ofbeldi, skýrslutökur vegna dómsmála, lækni skoðanir sé þess þörf og ýmis önnur úrræði sem barn getur þurft á að halda í framhaldinu. Með því að sameina þarna alla þætti á einum stað er leitast við að fækka fjölda þeirra skipta sem barnið þarf að tjá sig og rifja upp atburðinn. Það skiptir miklu máli að fá sem skýrasta mynd af atburðinum þar sem barnið er yfirleitt eitt til frásagnar og lækni fræðileg gögn aðeins til staðar í 5-10% tilfella. Þar er lögð áhersla á að skapa barnvænt umhverfi til þess að þolendur eigi sem auðveldast með að tjá sig. Mikilvægt er að rétt sé brugðist við strax á fyrstu stigum málsins til þess að takmarka þann skaða sem ofbeldið veldur. Barnahús þjónar öllu landinu og geta börn komið hvaðan sem er af landinu, en einnig er Barnahúsi ætlað að miðla þekkingu og reynslu út um landið svo að hægt sé að veita börnum sem besta þjónustu í nærumhverfi sínu (Ólöf Ásta Farestveit, 2011).

Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis tók til starfa 1993. Hún er rekin af Landspítalanum Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut. Tilgangur hennar er að sinna neyðarþjónustu við þá sem verða fyrir nauðgunum eða öðru kynferðisofbeldi (Landspítalinn e.d). Tekið er á móti öllum þeim sem leita á neyðarmóttökuna en reynt er að miða þjónustuna við 12 ára og eldri. Ástæða þess að svo ungum börnum er sinnt þar er sú að mikilvægt getur verið fyrir þolendur að komast sem fyrst undir læknishendur svo hægt sé að afla nauðsynlegra gagna um að saknæmt athæfi hafi átt sér stað. Einnig getur það verið mikilvægt vegna líkamlegrar heilsu barns að það fái lækniástoð vegna áverka af völdum kynferðisofbeldis. Ef um er ræða yngri börn er þeim vísað í Barnahús, ef veita þarf bráða þjónustu er barninu vísað á barnadeild landspítalans vegna þess að læknisskoðanir eru aðeins framkvæmdar í Barnahúsi á ákveðnum tímum (Guðrún Agnarsdóttir og Eyrún B. Jónsdóttir, 2011).

Með því að tryggja velferð og veita nauðsynlega fyrstu hjálp er markmiðið að takmarka andlegan og líkamlegan skaða sem ofbeldið kann að leiða af sér. Mikil áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt þolandans og að honum mæti skilningur og tillitssemi á öllum stigum. Neyðarmóttakan sinnir öllum hvort sem þeir kjósa að leita sér ráðgjafar og stuðnings eða gangast undir læknisskoðun. Þolendur stýra ferlinu og ráða því hvort að gögn séu afhent lögreglu en það er einungis gert með undirskrift viðkomandi. Gögn eru geymd að lágmarki í 9 vikur. Starfsfólki neyðarmóttöku ber lagaleg skylda til að tilkynna brot gegn einstaklingum undir 18 ára aldri til barnaverndar. Á neyðarmóttökunni starfar hópur sérfræðinga sem sinna þolendum en í dag er það hópur sérhæfðra hjúkrunarfræðinga á bráðamóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss. Sex læknar sem vinna við meðferð kvensjúkdóma, einn sálfræðingur/ráðgjafi sem sinnir sálrænum stuðningi og meðferð virka daga. Þá er hópur sálfræðinga sem starfa innan geðsviðs LSH sem sinnir eftirfylgni mála eftir þörfum. Auk þess starfa þar fimm lögfræðingar/réttargæslumenn (Landspítalinn, e. d).

Hjálparsími Rauða krossins 1717 býður upp á ráðgjöf vegna andlegrar vanlíðunar allan sólarhringinn og er gjaldfrjál (Rauði krossinn, e.d.). Þar sem félagsráðgjafar starfa við úrræðin er það hlutverk þeirra að veita þeim sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, ástoð við úrvinnslu mála og eru þarfir einstaklingsins ávallt hafðar að leiðarljósi. Félagsráðgjafar hafa heildræna sýn og bjóða upp á markvissa ráðgjöf (Sigurlaug Hauksdóttir, 2006). Félagsráðgjafar sem starfa í úrræðunum eru oft á tíðum tengiliðir þolandans og

fjölskyldu hans útá við og sjá um að gæta hagsmuna hans og reyna að draga úr áfallinu eftir því sem kostur er. Einnig er það í þeirra verkahring að halda utan um þjónustuna og sjá til þess að viðkomandi njóti alls þess sem hann á rétt á og þarfnast (Bragi Guðbrandsson, munnleg heimild, 15. febrúar 2013).

Fyrir utan þau úrræði sem veita börnum og ungmennum beina aðstoð í kjölfar kynferðisbrota eru einnig samtök sem veita þolendum eldri en 18 ára aðstoð. En þar má til dæmis nefna Stígamót og Drekaslóð. Hjá Stígamótum er boðið uppá einstaklingsráðgjöf ásamt því að unnið er í sjálfshjálparhópum. Þar fyrir utan leggur Stígamót mikla áherslu á að veita fræðslu og opna á umræðu um kynferðisbrot og skapa fólki sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi það umhverfi sem það þarf til þess að stíga fram og vinna í sínum málum (Stígamót, 2012). Starfssemi Drekaslóðar er byggð á svipuðum grunni og fellst þjónustan þar í ýmiss konar viðtölum, hópastarfi og námskeiðum ásamt því að miðla fræðsluefni (Drekaslóð e. d). Einnig eru hér á landi starfrækt samtökin Blátt áfram en markmið þeirra er að sinna forvarnar- og fræðslustarfi gegn kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi. Til þess leggur félagið aðaláherslu á fræðslu í leik og grunnskólum landsins. Þar fyrir utan er áherslan á að fræða foreldra og fullorðna einstaklinga sem starfa með börnum og um leið auka umræðu um kynferðisofbeldi í samfélaginu (Sigríður Björnsdóttir, 2011).

7.2 Færeyjar

Í raun eru engin sértæk úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Færeyjum rekin af hinu opinbera, önnur en þau að barnaverndaryfirvöld niðurgreiða kostnað við meðferð hjá sérhæfðum sálfræðingum fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Hlutverk Barnaverndarnefndar er að tryggja öryggi barnsins fyrst og fremst, hagsmunir barnsins eiga að vera í fyrirrúmi (15. gr.) (Barnaverndarlögin nr. 18/2005).

Í viðtali sem tekið var við Oddbjörg Balle forstjóra Barnaverndarstofu í Færeyjum var hún spurð hvert hlutverk félagsráðgjafa væri þegar grunur er um kynferðislega misnotkun á barni: „Þegar tilkynning berst er félagsráðgjafi viðkomandi barnaverndarþjónustu tengiliður þeirra sem koma að málinu. Barnaverndarþjónustan sér um alla þætti hvað varðar sálfræðiþjónustuna, en þolandinn og fjölskyldan fær aðstoð við að finna slíka þjónustu. Barnaverndarþjónustan fylgist með framgangi mála og það er í þeirra höndum að meta hversu mikla þjónustu sé þörf á og hve lengi“ (Oddbjörg Balle, munnleg heimild, 6. mars 2013).

Í sumum tilfellum þarf að fjarlægja börn af heimilum sínum í styttri eða lengri tíma vegna kynferðislegrar misnotkunar, þá getur verið þörf fyrir fósturfjölskyldur. Barnaverndarstofa hefur umsjón með fósturfjölskyldum, veitir þeim ráðgjöf og námskeið reglulega (Barnaverndarstofa Føroya, e.d.).

Kris eru sjálfboðaliðasamtök sem veita meðal annars börnum stuðning sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Þjónustan sem samtökin bjóða upp á er persónuleg ráðgjöf og meðferð, auk þess að aðstoða fólk við að hafa samband við lækni, barnaverndarnefnd og félagsþjónustu. Einstaklingar sem þangað leita fá sinn eigin persónulega ráðgjafa ef þörf er á við úrvinnslu mála, fyllsta trúnaðar er gætt (Kris, e.d.)

7.3 Grænland

Í Grænlandi opnaði Barnahús að íslenskri fyrirmynd í ágúst árið 2011 í Nuuk, því er ætlað að þjónusta allt Grænland. Þar starfar fagfólk sem tekur á móti börnum og fjölskyldum þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun en með áherslu á börn (Nanoq, 2013). Börn og unglingar sem hafa verið kynferðislega misnotuð geta með tilvísun frá viðkomandi sveitarfélagi sótt um aðstoð og ráðgjöf hjá Barnahúsi. Markmið Barnahúss á Grænlandi er að tryggja barni viðeigandi meðferð og greiningu og koma í veg fyrir að börn þurfi að leita til mismunandi aðila við úrvinnslu mála. Barnahús veitir ráðgjöf og úrræði fyrir sveitarfélög og sérfræðinga sem starfa með börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun auk þeirra sem leita þekkingar og ráðgjafar um kynferðislega misnotkun. Barnahús er þróunarverkefni sem á að endurskoða eftir tvö ár þegar komin er reynsla á rekstur þess (Sullisivik, e.d.)

Kaalat Wilche starfsmaður Barnahús í Grænlandi segir að það sé margt í vinnslu til að bæta rekstur þess. Frá opnun þess hefur allt vinnuferlið og meðferðarúrræðin verið bætt, undirbúa ýmis form af gagnagrunni, byggja upp sambönd bæði hér innanlands sem utan. Síðast en ekki síst að kynna meðferðina sem Barnahús Grænlands hefur upp á að bjóða fyrir þá sem vísað er til þeirra, en bæði börnum og fullorðnum er þar boðin aðstoð. Þeim sem eru í nánasta umhverfi barnsins er líka boðinn stuðningur eins og til dæmis viðtalsmeðferð. Meðferðin á að byggjast fyrst og fremst á að aðstoða þá sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Reynslan hefur sýnt að þeir einstaklingar sem þangað hafa komið hafa mörg önnur vandamál að kljást við, þess vegna hefur verið erfitt að einangra meðferðina bara við kynferðisofbeldi. Meðferðin er einstaklingsmiðuð og það skiptir mjög miklu máli að byggja upp traust við barnið þannig að barnið finni að það sé öruggt þar, meðferðarúrræðið sem

stuðst er við er hugræn atferlismeðferð. Þar fær barnið tíma til að ræða um tilfinningar sínar sem voru til staðar fyrir kynferðisofbeldið og hvernig þær eru eftir ofbeldið. Í ferlinu er unnið með hvernig barnið getur lært að veita sjálfu sér fyrstu hjálp sem fyrst ef eitthvað kemur fyrir það. Enn sem komið er, er ekki komin nægilega mikil reynsla til að segja hvort þessi meðferð sé að skila árangri (Kaalat Wilche, munnleg heimild, 11. mars 2013). Til að tryggja hagsmuni þolandans með sem bestum hætti og skapa traust, hefur þolandinn sama fagaðilann sér til stuðnings frá upphafi máls og þar til því lýkur. Þetta fyrirkomulag tryggir skilvirkari afgreiðslu og betri eftirfylgni (Mibb, 2011).

Vistheimilið Mælkebøtten var stofnað í kjölfar þess að fjórar stofnanir tóku sig saman, Red barnet, Lions klúbburinn í Nuuk, Rótary klúbburinn í Nuuk og félag vinnuveitenda í Grænlandi. Félögin lögðu til það fé sem þurfti til að stofna Mælkebøtten. Félögin vildu sýna samfélagslega ábyrgð og leggja sitt að mörkum til að auka velferð vanræktra barna og ungmenna í Grænlandi. Stofnunin átti að skapa bestu skilyrði fyrir velferð barna og betri framtíð fyrir börn í Grænlandi. Mælkebøtten varð að veruleika árið 2006 og er staðsett í Nuuk. Þjónustan sem þar er boðið upp á er margþætt og er þar meðal annars rekið vistheimili og neyðarmóttaka fyrir ungmenni sem hafa meðal annars orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Þar er einnig opið úrræði þar sem börn og ungmenni geta komið og dvalið á daginn. Markmiðið með starfseminni er að rjúfa þann vítahring sem ofbeldi og vanræksla skapar og skapa börnum betri lífsskilyrði (Mælkebotten, e.d. a). Markhópurinn er börn og unglingar á aldursbilinu 3-17 ára. Flest barnanna koma úr umhverfi þar sem er mikil neysla áfengis- og eiturlyfja sem gerir það að verkum að þau eru í frekari hættu á að verða þolandur kynferðislegrar misnotkunar. Þau geta fengið að búa tímabundið í húsnæði Mælkebotten á meðan aðstæður þeirra eru metnar og unnið að því að finna viðunandi lausn á aðstæðum þess. Lögð er áhersla á að efla þau og styrkja og reyna að virkja þau til ýmissa þátta sem auðveldar þeim að takast á við daglegt líf (Mælkebotten e.d. b).

Aja er vistheimili rekið af fjölskyldudeild heimastjórnar Grænlands, vistheimilið er fyrir ungt fólk á aldrinum 14-20 ára og getur tekið við allt að 10 ungmennum (Nanoq, 2008). Ungmennin sem Aja sinnir koma meðal annars úr aðstæðum þar sem ofbeldi og vanræksla er hluti af raunveruleikanum. Markmið stofnunarinnar er að aðstoða ungmenni við að byggja upp sjálfstraustið svo þeim sé gert kleift að taka ábyrgð á sjálfum sér og geta átt viðunandi líf í framtíðinni. Meðferðin er sniðin að þörfum hvers og eins og miðuð út frá getu

einstaklingsins, lögð er áhersla á að íbúarnir taki þátt í öllum daglegum verkum eins og að halda herbergjum sínum hreinum og elda mat. Sett eru þau skilyrði að ungmennin stundi skóla eða vinnu utan stofnunarinnar en þau ungmenni sem treysta sér ekki til þess geta fengið kennslu hjá AJA sem er byggð þannig upp að ungmennin geti farið aftur í skóla. AJA veitir viðeigandi meðferð sem er byggð upp á greiningu hvers og eins, eins og til dæmis hópmeðferð og einstaklings djúpvíðtöl til að vinna úr afleiðingum kynferðislegs ofbeldis. Ef önnur vandamál koma upp veitir AJA einnig aðstoð varðandi það. Öll meðferð sem veitt er og frekari eftirfylgni, sé þörf á henni, er skipulögð í samvinnu við félagsþjónustuna. Daglegt starf felst í að þróa og greina getu þolenda ásamt því að veita stuðning við vandamálum þeirra (Meeqqat inuusuttullu Pllugit ilisimasaqarfik, 2004).

Í Ilulissat er rekið neyðarathvarf sem heitir Saafiq, þar er tekið á móti ungmennum upp að 18 ára aldri sem þurfa á aðstoð að halda vegna kynferðislegs ofbeldis. Þar er boðið upp á forvarnar prógramm eins og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglunga og námskeið sem heitir „Börn eru líka manneskjur“. Ungmennin sem þangað leita koma mörg hver af sjálfsdáðum en flest þeirra koma í fylgd lögreglu eða félagsráðgjafa, meirihluti þolenda er stúlkur. Starfsfólkið starfar náið með félagsráðgjöfum félagsþjónustunnar sem veita börnum og ungmennunum eftirfylgni. Einnig eru börnunum og ungmennunum boðið uppá einstaklingsvíðtöl þegar þau sjálf vilja (Grønlands Sundhedsportal, 2004).

Tasiilag er stærsti bærinn á Austur-Grænlandi og er staðsettur á eyjunni Ammassalik. Fjölskyldumiðstöðin sem tilheyrir félagsþjónustu staðarins býður upp á fjölbreytt úrræði eins og hópameðferð fyrir ungmenni og fjölskyldur þeirra. Ungmennin sem þangað leita hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, flest þeirra geta tengt misnotkunina við áfengisneyslu foreldra sinna eða ættingja. Þjónustan er ætluð börnum upp að 18 ára aldri, fjölskyldumiðstöðin starfar náið með stofnunum eins og lögreglunni og spítalanum (Soule, 2007).

7.4 Samanburður

Úrræðin í þessum löndum er byggð á misjafnri hugmyndafræði en eru þó að þróast í sömu átt með opnun Barnahúsa. Á Íslandi eru stærstu úrræðin rekin af ríkinu en það eru Barnahús og bráðamóttaka. Barnahús opnaði hér á landi 1998 og var að hluta gert að bandarískri fyrirmynd. Þessi úrræði eru þau helstu sem taka beint á vanda þeirra barna sem verða fyrir kynferðisofbeldi. Búi barn við kynferðisbrot á eigin heimili eru til ýmis úrræði komi til þess að

fjarlægja þurfi barn af heimili sem fela í sér tímabundið eða varanlegt fóstur. Einnig fara ýmsir þá leið að leita sér aðstoðar hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum, geðlæknum eða öðrum fagaðilum. Leiði kynferðisofbeldi til fleiri félagslegra vandamála þá gilda almennar reglur félagsþjónustunnar og sveitarfélaga um þjónustu við börnin. Á Íslandi og í Grænlandi eru starfrækt Barnahús sem eru ætluð sem fyrsta úrræði fyrir börn sem verða fyrir kynferðisbrotum. Uppbyggingin er í grunninn eins, enda er hugmyndafræðin að Barnahúsi í Grænlandi fengin frá Íslandi. Barnahús í Grænlandi opnaði 2011 og er því enn í mikilli mótun og er verið að leitast við að finna þær lausnir sem henta best.

Í Færeyjum er lítið um sérhæfð úrræði fyrir börn sem verða fyrir kynferðisbrotum en þó er kveðið á í lögum um niðurgreiðslu á þjónustu sérfræðinga fyrir þau. En bundnar eru vonir við að Barnahús opni þar á þessu ári eða á því næsta. Á Íslandi og í Grænlandi er boðið upp á þjónustu fagaðila sem hafa sérhæft sig í að sinna málefnum barna í Barnahúsi.

Samantekt og umræða

Í ritgerðinni voru skoðuð lög og úrræði er snerta á málefnum barna sem verða fyrir kynferðisbrotum á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Hvert land hefur sín eigin hegningarlög og barnaverndarlög sem starfað er eftir. Hegningarlögin eiga það sameignlegt að kynferðisofbeldi gagnvart börnum er ekki liðið, en lögin eru þó misjöfn hvað varðar refsingu. Barnaverndarlögum er ætlað að vernda börn og í öllum löndunum kemur skýrt fram í lögnum hvenær þau verða aðilar máls og hve lengi þau eru undir eftirliti barnaverndarnefnda.

Þegar lög þessara landa eru skoðuð sést þó að viss grundvallarmunur er á þeim. Öll löndin miða við sama samræðisaldur sem er 15 ár og skilgreina hugtakið barn á sama hátt, þ.e. einstaklingur undir 18 ára aldri. Hegningarlögin styðjast við svipaðar skilgreiningar þegar kemur að nauðgunum, en í þeim íslensku eru mun skýrari skilgreiningar sem taka á fleiri þáttum ofbeldis. Refsingar við kynferðisbrotum eru almennt þyngri á Íslandi en í Færeyjum. Á Grænlandi er ekki nein niðurnjörvuð refsing í lögum heldur er hún metin í hverju tilfelli fyrir sig. Á Íslandi er sérstaklega fjallað um brot er beinast gegn eigin barni eða niðja og er refsing við þess konar brotum vægari heldur en ef um ókunnugra aðila væri að ræða. Í hinum löndunum er ekki fjallað sérstaklega um þessi tengsl. Í öllum löndunum er ákvæði í lögum sem felur það í sér að einstaklingur sem starfar með börnum má ekki eiga í kynferðissambandi við þau. Barnavændi er bannað í öllum löndunum. Aðeins í íslenskum lögum er nýtt ákvæði sem bætt var við árið 2013 sem ætlað er að vernda börn í rafrænum samskiptum og tekur á áreitni og kynferðislegum tilburðum á netinu og í öðrum rafrænum samskiptum.

Misjafnt er eftir löndunum hvaða úrræði þau hafa en á Íslandi eru helstu úrræðin rekin af hinu opinbera, þ.e. Barnahús og bráðamóttaka Landspítalans. Barnahús sinnir þörfum þolenda með heilðrænum hætti, bæði þegar kemur að rannsókn mála og eins þegar kemur að persónulegum þörfum. Þjónusta Barnahúss er opin á daginn. Bráðamóttakan sinnir bráðatilfellum þar sem nauðsyn er að koma barni undir læknishendur sem fyrst, hvort heldur það er vegna sönnunargagna eða sökum heilsu barnsins. Ef þolandi kynferðisbrots er undir 12 ára aldri er honum í flestum tilfellum vísað á barnadeild Landspítalans, þar sem hann getur fengið nauðsynlega þjónustu. Einnig eru á Íslandi úrræði sem rekin eru af frjálsum

félagasamtökum, svo sem hjálparsími Rauða krossins. Einnig eru ýmis úrræði sem ætluð eru einstaklingum eldri en 18 ára sem orðið fyrir kynferðisbrotum einhvern tímann á lífsleiðinni svo sem Stígamót og Drekaslóð. Þau samtök hafa einnig verið mjög virk í að opna á umræðu og veita fræðslu um málaflokkinn. Stígamót riðu upphaflega á vaðið, en þau eru elstu samtökin. Einnig hafa forvarnarsamtökin Blátt áfram unnið hörðum höndum að því að opna umræðu og efla vitneskju grunnskólabarna og almennings um málaflokkinn og mögulegar leiðir til úrlausna í kjölfar kynferðisofbeldis.

Í Grænlandi hafa komið til ýmis úrræði á síðastliðnum áratugi í kjölfar þess að umræðan opnaðist og meðvitund jókst um stærð og alvarleika vandans. Árið 2011 tók til starfa Barnahús og er það að íslenskri fyrirmynd. Markmið þess er að stuðla að málsmeðferð í barnaverndarmálum og veita þolendum kynferðisofbeldis alla nauðsynlega þjónustu á einum stað. Barnahús fellur undir heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti Grænlands. Þjónustan þar er þolendum að kostnaðarlausu. Í llulissat er rekið neyðarathvarfið Saafiq en þar er börnum og ungmennum veitt aðstoð í kjölfar kynferðisofbeldis. Þau sem þangað leita koma mörg hver að eigin frumkvæði. Starfið er unnið í nánú samstarfi við félagsráðgjafa félagsþjónustunnar. Í Tasiilag er rekin fjölskyldumiðstöð af félagsþjónustu staðarins og fer fram fjölþætt ráðgjöf fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra meðal annars vegna kynferðislegs ofbeldis. Umboðsmaður barna á Grænlandi tók til starfa í fyrsta sinn árið 2012. Einn af megin þáttum sem starf hennar snýst um er að kynna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og vinna að því að þau réttindi séu tryggð. Einnig er þar starfrækt vistheimilið Mælkebøtten en þar er tekið á móti þolendum kynferðisofbeldis, bæði til dvalar á vistheimilum og neyðarvistun. Jafnframt er þar rekið dagúrræði þar sem börn og ungmenni geta leitað að degi til. Aja er annað vistheimili en það er rekið af fjölskyldudeild Heimastjórnar Grænlands. Aja er fyrir ungt fólk á aldrinum 14-20 ára og getur tekið við allt að 10 ungmennum. Þar er tekið á móti ungmennum sem þurfa að dvelja annars staðar en á heimili sínu vegna ofbeldis og vanrækslu. Þar er reynt að veita ráðgjöf og stuðning sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Ef börn eða ungmenni vantar ráðgjöf um hvert þau geti snúið sér stendur þeim til boða að hringja í gjaldfrjálsa símaráðgjöf Parrisa sem er stofnun rekin af heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti Grænlands.

Í Færeyjum eru engin sérhæfð úrræði rekin af hinu opinbera ætluð þeim er orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þar eru einungis úrræði ætluð til stuðnings við börn sem beitt

hafa verið ofbeldi, en þau eru niðurgreidd af þjónustufagaðilum. Bundnar eru vonir við að hægt verði að opna Barnahús þar á þessu ári.

Þegar skoðuð eru viðbrögð barnaverndarnefnda við kynferðisbrotum þessara landa sést að þau eru að mörgu leyti eins en þó með mismunandi áherslum. Það sem er sameignlegt í öllum löndunum er að einstaklingum sem hafa vitneskju um að barn sé kynferðislega misnotað ber skylda til að tilkynna það til viðeigandi aðila. Það er misjafnt eftir löndum hvenær barn verður aðili máls. Í Færeyjum teljast börn aðilar máls 12 ára en í Grænlandi 10 ára, en í öllum löndunum þarf samþykki forsjáradila ef þörf er á að tala við barn inni á heimili sem ekki hefur náð 15 ára aldri. Í barnaverndarlögum allra landanna kveður þó á um að ef það samþykki fæst ekki getur barnavernd verið undanþegin þessum lögum ef talið er að barn búi við óviðunandi aðstæður. Þegar tilkynning berst til barnaverndar fara þær ákveðinn farveg við úrvinnslu mála og kannað er hver alvarleiki málsins sé og hvort þörf sé á frekari rannsókn. Á Íslandi ber að ákveða innan sjö daga hvort hefja skuli könnun máls en í Færeyjum skal það gert eins fljótt og hægt er en þó innan 7 daga. Ekki eru tekin fram nein tímamörk við úrvinnslu tilkynninga í Grænlandi. Samkvæmt 43. gr. í barnaverndarlögunum í Færeyjum getur formaður nefndarinnar lagt til bráðabirgðaráðstöfun ef þörf þykir, og farið fram á að barn fari í viðtal hjá fagaðila. Ákvörðun um framhald málsins skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá því að rannsókn málsins lýkur. Ef áætlun um frekari úrræði liggur fyrir skal það koma til framkvæmda eigi síðar en innan sex vikna. Það sem löndin eiga sameiginlegt í lögunum er að öllum er skylt sem málið varðar að láta nauðsynlegar upplýsingar af hendi. Í öllum löndunum er skýrt tekið fram í lögunum að barnavernd getur án samþykkis forsjáradila fjarlæggt barn af heimili og sett það í fóstur sé þörf talin á.

Í þessum löndum er umræðan og þróun úrræða á mismunandi stöðum og er hún líklega lengst komin á Íslandi. Þangað hafa Grænland og Færeyjar leitað fyrirmynda að úrræðum og þá sérstaklega litið til Barnahúss.

Ekki eru mörg ár liðin frá því að farið var að rannsaka kynferðislega misnotkun á börnum á Grænlandi og í framhaldi af því hefur umræðan opnast. Í kjölfarið hafa Grænlandingar aukið meðferðarúrræði fyrir börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Árið 2011 opnaði Barnahús í Nuuk í Grænlandi að íslenskri fyrirmynd, auk þess sem boðið er upp á úrræði víðsvegar um landið.

Í Færeyjum er ekki boðið upp á mörg úrræði fyrir börn sem eru þolendur kynferðisofbeldis; í raun er þar aðeins eitt úrræði og er það bundið í lögum. Þegar þetta er skrifað er verið að vinna að opnum Barnahúss og eru vonir bundnar við að það opni árið 2013. Umræðan um kynferðisofbeldi er ekki langt komin í Færeyjum og gætu nokkrar ástæður legið þar að baki. Rannsókn sem gerð var á áfallastreituröskun í Færeyjum sýndi að hlutfall barna sem orðið hafði fyrir kynferðisofbeldi var hærra en talið var. Ástæðurnar gætu verið þær að kynferðisofbeldi sé enn feimnismál í þjóðfélaginu eða að það sé í reynd lítið vitað um kynferðisofbeldi. Umræðan hefur aukist í kjölfar þess að fullorðnir einstaklingar hafa stigið fram og sagt frá kynferðislegu ofbeldi sem þeir urðu fyrir í æsku.

Umræðan á Íslandi hefur opnast mikið á síðastliðnum áratugum og eru margir þættir sem ýtt hafa undir þá þróun. Stígamót bjóða upp á úrræði sem ætlað er öllum þolendum kynferðisofbeldis sem náð hafa 18 ára aldri og einnig hefur þar verið lyft grettistaki í opnun umræðu og fræðslu almennings um umfang og eðli þessara brota.

Kenningar sem hafa verið tengdar við rannsóknir á kynferðislegu ofbeldi eru fjölskyldukenningar og félagsnámskenningar. Fjölskyldukenningar byggjast á því að fjölskyldan sé kjarninn, að börn hafi ekki vald á aðstæðunum og að aðstæður þeirra stjórnist að framkomu fullorðinna. Eldri kenningar fólu í sér að orsökina gæti legið frekar hjá móður og barni en hjá gerandanum (sem oftast var talinn vera eiginmaður móðurinnar og ýmist faðir eða stjúpi barnsins) þar sem talið var honum hafi ekki verið kynferðislega sinnt sem skyldi af móðurinni. Nýrri kenningar byggja á því að ekki sé hægt að ásaka einn aðila innan fjölskyldunnar heldur þurfi að skoða heildarmyndina. Félagssnámskenningar byggja á því að hegðun sé lærð og að lykilatriði í þroska séu samspil hegðunar, umhverfis og virkni hugans. Kenningarnar fjalla um hvernig umhverfisáhrif og ytri álagsþættir hafa áhrif á barnið og fjölskyldu þess.

Í þessum þremur löndum hefur umræðan opnast með baráttu ýmissa samtaka og í kjölfar þess að fólk hefur stigið fram og tjáð sig opinberlega um upplifanir sínar af kynferðisbrotum. Um leið og samfélagið verður meðvitaðra um vandann hefur rannsóknum fjölgað, sem leiða til þess að hægt er að finna áhættuþætti. Mikilvægt er að þeir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fái aðstoð sem fyrst svo hægt sé að takmarka skaðann.

Við vinnu þessarar ritgerðar vakti það undrun okkar hversu stutt á veg rannsóknarvinna er komin í Færeyjum og Grænlandi í samanburði við Ísland. Þó hefur mikið áunnist. Erfitt var að finna rannsóknir og fræðilegt efni um viðfangsefið, einkum í Færeyjum.

Heimildaskrá

Almenn hegningarlög nr. 19/1944.

Bandura, A. (1973). *Aggression: a social learning analysis*. Englewood Cliffs, New Jersey: Prentice-Hall.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Barnaverndarlögin nr. 18/2005.

Barnaverndarstofa. (2012). *Ársskýrsla 2008-2011*. Reykjavík: Halla Björk Marteinsdóttir (ritstjóri).

Barnaverndarstofa Føroya. (e.d.). *Samstarv um Barnaverndarstovu*. Sótt 9. febrúar 2013 af <http://www.bvs.fo/Default.aspx?ID=143>.

Barnaverndarstofa Føroya. (2010). *Frágreiðing frá Barnaverndastovu Føroya grundað á hagtøl frá barnaverndartænastunum og fosturforeldraskipanini*. Føroya: Oddbjørg Balle.

Barnaverndarstofa Føroya. (2011). *Frágreiðing frá Barnaverndastovu Føroya 2010 - grundað á hagtøl frá barnaverndartænastunum og fosturforeldraskipanini*. Føroya: Oddbjørg Balle.

Barnaverndarstofa Føroya. (2012). *Frágreiðing frá Barnaverndastovu Føroya 2011 - grundað á hagtøl frá barnaverndartænastunum og fosturforeldraskipanini*. Føroya: Oddbjørg Balle.

Barnett, O., Miller-Perrin, L. C. og Perrin, D. R. (2005). *Family violence across the lifespan*. London: Sage publications.

Baviskar, S., Christensen, E. og Kristensen L.G. (2009). *Børn i Grønland-En kortlægning af 0-14-årige børns og familiers trivsel*. Kaupmannahöfn; SFI DET NATIONALE FORSKNINGSCENTER FOR VELFÆRD.

Berglind Guðmundsdóttir og Sjöfn Evertsdóttir. (2011). Hugræn athyglismeðferð fyrir börn með áfallastreituröskun í kjölfar kynferðisofbeldis. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 355-376). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Bjerregaard, P. og Lyng, I. (2006). Suicide a challenge in modern Greenland. *Archives of Suicide Research, 10*, 209-220.
- Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir. (2001). *Kynferðislegt ofbeldi: Gerendur*. Sótt 1. apríl 2013 af <http://persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=78&pid=13>.
- Boney-McCoy, S. og Finkelhor, D. (1995). Psychosocial Sequelae of Violent Victimization in a National Youth Sample. *Journal of Consulting and Clinical Psychology, 63*, 726-736.
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2011). Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunarvandamála. Rannsókn meðal framhaldsskólanema á Íslandi. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 269-295). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Curtis, T., Larsen, B. L., Helweg-Larsen, K. og Bjerregaard, P. (2002). Violence, sexual abuse and health in Greenland. *International Journal of Circumpolar Health, 61*, 110-122.
- Curtis, T., Larsen H. B., Helweg-Larsen K., Pedersen, C. P., Olesen, I., Sørensen, K. o.fl. (2004). *Unges trivsel i Grønland 2004*. Århus: Namminersornerullutik Oqartussat Grønlands hjemmestyre.
- Daugherty, L. (2007). *Why Me?: Help for Victims of Child Sexual Abuse Even If They Are Adults Now*. United States: Cleanan press.
- Finkelhor, D. og Araj, S. (1986). Explanations of pedophilia: A four factor model. *Journal of Sex Research, 22 (2)*, 145-161.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005). *Risk Factors for Repeated Child Maltreatment in Iceland; An Ecological Approach*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Galaasen, E., Grostøl, M., Wang H., Kvaran, I. og Michelsen, V. (2012). *FN's Børnekonvention og Socialpædagogikken: Børn anbragt uden for hjemmet*. Danmark: Nordisk Forum for Socialpædagoger.
- Geir Gunnlaugsson. (2011). Ofbeldi gegn börnum fyrr og nú: Áhrif á heilsu og vellíðan. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 215-234). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ghate, D. (2000). Family violence and violence against children. *Children and Society*, 14, 395 - 403.

Gibson, S. K. (2004). Social Learning (Cognitive) Theory and Implication for Human Resource Development. *Advances in Developing Human Resources*, 6, 193–210.

Grønlands Sundhedsportal. (2004). *Proposal for a National Strategy for Suicide Prevention in Greenland*. Sótt 26. október 2012 http://www.peqqik.gl/upload/rapport_-_engelsk.pdf.

Guðrún Agnarsdóttir og Eyrún B. Jónsdóttir. (2011). Neyðarmóttaka vegna nauðgunar. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 415-438). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún S. Jónsdóttir. (2001). *Nauðgun*. Reykjavík: Stígamót.

Hrefna Ólafsdóttir. (2011). Börn þvinguð til kynlífs; Rannsókn á kynferðislegri misnotkun á börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 235-268). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Íris Böðvarsdóttir og Elklit, A. (2007). Victimization and PTSD-like states in an Icelandic youth probability sample. *BMC Psychiatry*, 7, 51.

Karsberg, S. H., Lasgaard, M. og Elklit, A. (2012). Victimization and PTSD in a Greenlandic youth sample. *Int J Circumpolar Health*, 71, 1-11.

Klein, D. (2012, júlí). *Verjið börnin: steðga pedofili í Føroyum*. Oyggjatíðindi. Sótt 18. febrúar 2013 af <http://oyggjatidindi.com/news-felagid+verjid+bornini+stovnad.htm>.

Kriminallov for Grønland nr. 306/2008.

Kris. (e.d.). *Viðtøkur fyri KRIS*. Sótt 15. desember 2012 af <http://kris.fo/default.asp?menu=362>.

Krug, E. G., Dahlberg, L. L., Mercy, J. A., Zwi, A. B. og Lozano, R. (ritstjórar.). (2002). *World report on violence and health*. Geneva: World Health Organization.

Landspítalinn. (e.d.). *Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis*. Sótt 14. nóvember 2012 af <http://www.lsh.is/klinisk-svid-og-deildir/bradasvid/thjonusta-bradasvids/neydarmottaka-fyrir-tholendur-kynferdisofbeldis/>.

Landstingsforordning om hjælp til børn og unge. nr. 1/2003.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Meeqqat inuusuttullu Pllugit ilisimasaqarfik. (2004, ágúst). *Angerlarsimaffik "Aja"*. Sótt 5. desember 2012 af <http://mipi.nanoq.gl/Emner/Viden%20om%20boern%20og%20unge/Links/~//media/40C92DC0D6CD43C58EB61DDF1F5E8513.ashx>.

Mibb. (2011). *Børnehus*. Sótt 18. mars 2013 af <http://mibb.gl/projekter/bornehus/>.

Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2007). *Child Maltreatment: An Introduction* (2. útgáfa). London: SAGE Publications.

MIO. (e.d.). *Fakta ark om Børnetalsmand, Børneråd og Børnerettighedsinstitutaion*. Sótt 22. mars 2013 af http://mio.gl/?page_id=509&lang=da.

Mælkebotten. (e.d) (a). *Background*. Sótt 6. nóvember 2012 af <http://www.mb.gl/en/om-os.html>.

Mælkebotten. (e.d) (b). *Year-round house in Kapisillit*. Sótt 6. nóvember 2012 af <http://mb.gl/en/igangavaerende-projekter/helarshus-i-kapisillit.html>.

Nanoq. (2008). *Afdelingsleder (Gensopslag)*. Sótt 15. mars 2013 af http://dk.nanoq.gl/Emner/Landsstyre/Departementer/Departement_for_sundhed/Ledige_stillinger_PN/2008_jul_genop_afdel.aspx.

Nanoq. (2013). *Saaffik i Nuuk åbnede i august 2011 og er et professionelt tilbud, der dækker hele Grønland*. Sótt 15. mars 2013 af http://dk.nanoq.gl/sitecore/content/websites/nanoq/emner/landsstyre/departementer/departement_for_familie_kultur_kirke_ligestilling/familie/strategier%20og%20projekter/saaffik.aspx.

Niclasen, B. og Köhler, L. (2009). National indicators of child health and well-being in Greenland. *Scandinavian Journal of Public Health*, 37, 347-356.

Nielsen, A. (2010). Holdningsændring og forebyggelse kan for bedre levevilkår; Det kan tage årtier at forbedre vilkårene for børn og familier, men problemerne skal ses som udfordringer. Både holdningsændring og forebyggelse er nødvendigt. *Sila*, bls: 22-24.

Ólöf Ásta Farestveit. (2011). Barnahús. Í Svala Ísfield Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 395-414.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Perry, B. D., Pollard, R., Blakely, T. L., Baker, W. L. og Vigilante, D. (1995). Childhood trauma, the neurobiology of adaptation and “use dependent” development of the brain: How “states” become “traits” Infant. *Mental Health Journal*, 16 (4), 271-291.
- Petersen, T., Elklit, A. og Olesen, J. G. (2010). Victimization and PTSD in a Faroese youth total population sample. *Scandinavian Journal of Psychology*, 51, 56-62.
- Ragnheiður Bragadóttir. (2006). *Kynferðisbrot*. Reykjavík: Lagastofnun Háskóla Íslands.
- Rauði krossinn. (e.d). Hjálparsíminn 1717. Sótt 10.október 2012 af http://www.raudikrossinn.is/page/rki_hvad_hjalparsiminn.
- Rein, J, (2012). *Uppskot til samtyktar um heildarætlun móti kynsligum ágangi*. Lögtingsmál nr. 54/2012.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.
- Sigríður Björnsdóttir. (2011). Forvarnarsamtökin Blátt áfram. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 473-484). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldan við aldahvörf; Náin tengsl og uppeldisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurlaug Hauksdóttir. (2006). Forvarnarstarf um kynheilbrigði: Unglingamóttaka og félagsráðgjöf. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 94-110). Reykjavík: Háskólaútgáfan: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Soule, S. (2007). *An evaluation of the implementation of Greenland’s national strategy for suicide prevention with recommendations for the future*. Greenland: PAARISA Ministry of Health Greenland Home Rule.
- Stígamót. (2012). *Ársskýrsla 2011*. Reykjavík: Stígamót.
- Straffeloven* nr. 215/1939.
- Sullisívik. (e.d.). *Børnehuset: Generelt om*. Sótt 15. nóvember 2012 af http://www.sullisivik.gl/emner/Sociale%20forhold/Boern%20og%20unge/Boernehuset%20%20Generelt%20om?artid=2251&sc_lang=da-DK.

- Svala Ísfeld Ólafsdóttir. (2011). Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 57-109). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2011). Gleymt en geymt: Langtímaafleiðingar kynferðisofbeldis gegn ungum börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 297-313). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Umboðsmaður barna. (e.d.). Stutt umfjöllun um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sótt 10. nóvember 2012 af <http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/>.
- United Nations. (2010, ágúst). *Consideration of reports submitted by States parties under article 44 of the Convention; Fourth period report of States parties due in 2008*. Sótt 1. apríl 2013 af www2.ohchr.org/english/bodies/crc/docs/AdvanceVersions/CRC.C.DNK.4.doc.
- Walsh, J. og Harrigan, M. (2003). The Termination Stage in Bowen's Family System Theory. *Clinical Social Work Journal*, 31(4), 383-394.
- Whetsell-Mitchell, J. (1995). *Rape of the innocent: understanding and preventing child sexual abuse*. Usa: Taylor og Francis.
- Þórdís Elfa Þorvaldsdóttir. (2009). *Á mannamáli*. Reykjavík: Forlagið.
- Þórhildur Líndal og Flóki Guðmundsson (ritstjórar). (2007). *Barnasáttmálinn; Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík: UNICEF.